

# Verkfærakista

## Toolkit

Hagnýt ráð um kennslu nemenda á einhverfurófi

Íslensk útgáfa byggð á *Toolkit on fighting discrimination of children within the school with focus on Roma communities*



Höfundar: Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir - einhverfuráðgjafar  
Einhverfuráðgjöfin ÁS

Verkfærakistan er hluti MASPA verkefnisins, sem var samstarfsverkefni Romanian  
Angel Appeal Foundation í Rúmeníu og Einhverfusamtakanna á Íslandi.

Nánari upplýsingar á [www.maspa.raa.ro](http://www.maspa.raa.ro)

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Hvað eru raskanir á einhverfurófi?</b> .....	<b>5</b>
Hvert er algengi einhverfu?.....	6
Orsakir.....	6
Leiðir í kennslu.....	6
Snemmtæk íhlutun.....	7
Áherslur í einstaklingsnámskrá:.....	7
<b>2. TEACCH hugmyndafræðin</b> .....	<b>10</b>
<i>Menning</i> fólks á einhverfurófi .....	10
Skipulögð kennsla .....	12
Umhverfi og aðstæður.....	13
Sjónrænt dagskipulag (stundatöflur) .....	15
Vinnukerfi .....	18
Rúttínur (venjur).....	19
Verkefni .....	20
<b>3. Boðskipti og félagsfærni</b> .....	<b>23</b>
Félagsfærni .....	29
Félagshæfnisögur.....	32
Teiknisögusamtöl .....	37
CAT kassinn (Cognitive Affective Training).....	40
<b>4. Að skipuleggja námsaðstæður</b> .....	<b>41</b>
Spurningalisti um skipulag og aðlögun.....	50
<b>5. Mat og einstaklingsnámskrá</b> .....	<b>54</b>
Mat .....	54
Einstaklingsnámskrá.....	54
<b>6. Aðstoðarfólk / stuðningsfulltrúar</b> .....	<b>61</b>
Gátlisti handa stuðningsfulltrúum.....	64
Gagnlegar vefslóðir .....	66
Gagnleg YouTube myndbönd.....	68

## Inngangur

Við undirritaðar höfundar þessarar Verkfærakistu (e. Toolkit) höldum þrjú námskeið um skipulagða kennslu í Rúmeníu haustið 2015, sem voru hluti af MASPA verkefninu ([www.maspa.raa.ro](http://www.maspa.raa.ro)). Verkefnið var unnið í samstarfi við Einhverfusamtökin á Íslandi. Hvert námskeið stóð í þrjú daga og fimmtíu kennarar tóku þátt í hverju þeirra í borgunum í Arad, Galati og Búkarest. Þessi verkfærakista var til þess hugsuð að fara dýpra í efnið sem var til umfjöllunar á námskeiðunum og vera hvatning til samstarfsaðila okkar í Rúmeníu við skipulagningu kennslu nemenda á einhverfurófi. Verkfærakistan var samin á ensku, þýdd á rúmensku og nú á íslensku. Það er von okkar að hún geti nýst foreldrum, kennurum og öðru fagfólki á Íslandi sem hugmyndabanki og hvatning í lífi og starfi með nemendum á einhverfurófi. Efnið verður aðgengilegt á heimasíðu Einhverfusamtakanna, [www.einhverfa.is](http://www.einhverfa.is).

Fyrstu kynni okkar af kennslu nemenda á einhverfurófi voru árið 1978, þegar við kenndum við lítinn sérskóla, Dalbrautarskóla, við Barnageðdeild Landspítalans í Reykjavík. Sumir nemendur voru á dagdeild spítalans meðan aðrir voru vistaðir tímabundið á legudeild. Meðal nemenda við skólann voru nokkur börn með einhverfugreiningu og þau voru einungis eina klukkustund á dag í skólanum. Á þeim tíma var skóli ekki álitinn heppilegur fyrir börn á einhverfurófi. En breytingar urðu fljótlega á þeim viðhorfum og árið 1989 var ákveðið að stofna *sérdeild fyrir einhverf börn* við Dalbrautarskóla, sem flutti ári seinna í almennan grunnskóla í Kópavogi, Digranesskóla. Þrír íslenskir sérfræðingar; sérkennari, talkennari og geðhjúkrunarfræðingur fóru til Norður Karólínu í Bandaríkjunum til að mennta sig í TEACCH-aðferðinni<sup>1</sup> sem frá árinu 1966 var hluti af starfsemi Geðdeildar við Læknadeild háskólans í Norður Carólínu.

TEACCH nálgunin byrjaði sem rannsóknarverkefni með það að markmiði að þróa þjónustu við börn á einhverfurófi og fjölskyldur þeirra. 1972 samþykkti allsherjarþing Norður-Karólínu lög sem heimiluðu að TEACCH yrði fyrsta heildstæða þjónustukerfið í ríkinu vegna barna með einhverfugreiningu og aðrar svipaðar raskanir.

Á Íslandi varð fyrsta sérdeildin fyrir nemendur á einhverfurófi í almennum skóla fyrirmynd fleiri sérdeilda og núna eru á annan tug sérdeilda fyrir þann hóp í grunnskólum á Íslandi. Flestar deildirnar styðjast við TEACCH-hugmyndafræðina en í a.m.k. einni þeirra er unnið samkvæmt atferlisíhlutun (ABA) og sums staðar unnið skv. báðum þessum leiðum ásamt fleiri nálgunum.

Í þessari verkfærakistu kynnum við hugmyndafræði TEACCH. Reynsla okkar sýnir að TEACCH nálgunin hentar afar vel þegar nám nemenda á einhverfurófi er skipulagt, hvort sem er í almennum skólum, sérdeildum eða sérskólum.

Skipulögð kennsla (e. Structured teaching) er kennsluaðferð sem er hluti af TEACCH hugmyndafræðinni, og byggir á skilningi á námsstíl fólks á einhverfurófi og notkun sjónræns stuðnings til að auka skilning og efla sjálfstæði. TEACCH þjónustulíkanið byggir

<sup>1</sup> TEACCH: **T**eaching - **E**xpanding - **A**ppreciating - **C**ollaborating - **C**ooperating - **H**olistic

á rannsóknum og klínískri vinnu, og einkennist af einstaklingsmiðaðri þjónustu við fólk á einhverfurófi og fjölskyldur þess.

Að auki kynnum við nokkar aðferðir til að auka skilning á félagslegum aðstæðum og hvernig aðlaga má námskrá að þörfum hvers og eins. Síðan ræðum við hvernig skipuleggja má skólastofu hvort heldur er í almennum bekk, sérdeild eða sérskóla og loks um starf aðstoðarmanns eða stuðningsfulltrúa.

Þær aðferðir sem við kynnum, höfum við notað sem sérkennarar og einhverfuráðgjafar í nokkra áratugi. Við höfum margoft upplifað í starfi okkar hve sjónrænn stuðningur er mikilvægur fyrir nemendur á einhverfurófi. Við höfum líka hitt marga kennara og fjölskyldur sem nota sjónrænan stuðning með góðum árangri. Við erum fyllilega meðvitaðar um að til eru fleiri aðferðir og nálganir í kennslu þessa nemendahóps og erum ekki á nokkurn hátt að bera þær saman við þær aðferðir sem við kynnum, heldur deilum við hér okkar persónulegu reynslu.

Margt af því sem þessi verkfærakista innheldur er samansafn af því sem okkur finnst nýtsamlegt og hagnýtt. Efnið kemur víða að og er heimildalisti í lok hvers kafla.

Við veljum að tala um nemendur / börn / fólk á einhverfurófi. Þá sem á ensku eru kallaðir með *high functioning autism* veljum við að kalla með einhverfu án þroskahömlunar.

Í janúar 2018

Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir  
sérkennarar og einhverfuráðgjafar  
Einhverfuráðgjöfin ÁS

## 1. Hvað eru raskanir á einhverfurófi?

Hugtakið *einherfa* eða *raskanir á einhverfurófi* er notað til að lýsa hópi fólks sem á það sameiginlegt að hafa einkenni sem hafa áhrif á samskipti þeirra.

Einkenni einhverfu eru:

Erfiðleikar í boðskiptum og félagslegum samskiptum í víðum skilningi.

Áráttukennd hegðun eða áhugamál.

Einkenni hafa verið til staðar frá unga aldri (koma oftast í ljós á fyrstu tveimur æviárum).

Einkenni eru hamlandi fyrir einstaklinginn félagslega, í starfi eða öðrum þáttum daglegs lífs.



Hugtakið *einhverfuróf* nær yfir margvísleg einkenni, bæði styrkleika og alvarleika þeirra einkenna sem börn með einhverfu hafa. Sum börn hafa mörg og alvarleg einkenni einhverfu meðan önnur hafa færri og minna hamlandi einkenni. Nýjasta útgáfa The Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM-5) greinir Aspergersheilkenni ekki sérstaklega; þau einkenni teljast nú hluti einhverfurófsins.

Sérhver einstaklingur á einhverfurófi er einstakur. Margir búa yfir miklum styrkleikum í sjónrænni skynjun og úrvinnslu, tónlist og námshæfileikum. Um 40% mælast með miðlungs greind eða hærri. Margt fólk á einhverfurófi nýtur góðs af einstökum hæfileikum sínum og "öðruvísi" skynjun á veruleikanum. Aðrir búa vð alvarlega fötlun og þurfa mikla aðstoð í daglegu lífi. Um 25% einstaklinga á einhverfurófi geta ekki tjáð sig með talmáli en geta lært að nýta aðrar boðskiptaleiðir.

## Hvert er algengi einhverfu?

Um 10 milljónir manna í heiminum eru á einhverfurófi. Þar að auki benda opinberar tölur síðustu ára til 10-17% aukinnar tíðni árlega. Það er engin ein skýring á þessari þróun, þó nákvæmari greiningartæki og umhverfisáhrif séu þar augljósir þættir.

Rannsóknir á Íslandi spegla þessa þróun, og nýjustu tölur sem byggja á rannsókn frá árinu 2015, sýndu að algengi allra raskana á einhverfurófi var um 2,2% (Kristín Margrét Arnaldsdóttir, 2016). Í rannsókn Kristínar kemur fram að skýringin á auknum fjölda barna með greiningu á einhverfurófi sé fyrst og fremst fleiri drengir sem greinast með einhverfu og mælast með vitsmunaproska nálægt meðallagi. Nýrri óbirtar rannsóknir benda til að tíðnin sé jafnvel enn hærri.

## Orsakir

Einhverfa er röskun á taugaproska. Vísindamenn vita ekki nákvæmar orsakir einhverfu en rannsóknir benda til að bæði erfðir og umhverfisþættir skipti verulegu máli. Margar rannsóknir benda til sérstakra erfðafræðilegra þátta sem tengjast einhverfu en margar slíkar breytingar tengjast einnig öðrum röskunum í taugaproska. Áhættuþættir í umhverfi eru yfirleitt ekki tengdir aukinni tíðni á einhverfu heldur öðrum taugafræðilegum röskunum. Þá er flókið samspil milli erfðafræðilegra þátta og umhverfis sem getur skýrt að hluta mismunandi svipgerðir milli einstaklinga.

## Leiðir í kennslu

Ekki er hægt að "lækna" einhverfu, enda ekki um sjúkdóm að ræða, en snemmtæk íhlutun, skipulagt skólastarf ásamt viðeigandi heilbrigðisþjónustu geta dregið úr einhverfu-einkennum og hjálpað barninu að þroskast og efla færni sína.

## Snemmtæk íhlutun

Það er engin ein meðferð sem hentar öllum börnum á einhverfurófi, en samtök barnalækna í Bandaríkjunum hafa tekið saman nokkur atriði sem einkenna snemmtæka íhlutun (e. early intervention):

- Hefjast handa um leið og barnið hefur fengið greiningu (um leið og grunur vaknar um einhverfu, *innskot ÁÓ og SH*).
- Einstaklingsmiðuð kennsla og þjálfun miðað við þroskastig barnsins í að minnsta kosti 25 klst. á viku alla mánuði ársins.
- Litlir hópar þar sem gefst kostur á einstaklingskennslu með sérmenntuðum kennara eða leiðbeinanda og einnig kennsla í litlum hópum.
- Fræðsla til foreldra og fjölskyldu.
- Samskonar viðfangsefni og önnur börn fá svo lengi sem þau rúmast innan einstaklingsnámskrár.
- Meta og skrá árangur hvers nemanda og endurskoða einstaklingsnámskrá eftir þörfum.
- Vel skipulagt námsumhverfi, rúttínur, sjónrænar vísbendingar, sjónrænar stundaskrár, vel afmörkuð rými til að draga úr óþarfa áreiti.
- Kenna börnunum lærða færni við nýjar aðstæður til að tryggja að færnin viðhaldist og nýtist sem best.

## Áherslur í einstaklingsnámskrá:

- Mál og boðskipti.
- Félagsfærni, s.s. sameiginleg athygli (veita öðru fólki athygli og deila reynslu með öðrum).
- Athafnir daglegs lífs, s.s. klæðnaður og eigin umhirða.
- Gagnreyndar aðferðir notaðar til að draga úr erfiðri hegðun.
- Vitsmunaleg færni, s.s. þykjustuleikur eða að setja sig í spor annarra.
- Undirbúningur fyrir hefðbundna skólagöngu, s.s. læra að þekkja stafina og að telja.

Aðrar rannsóknir sýna að eftirfarandi er sameiginlegt áhrifaríkri snemmtækri íhlutun:

- Sú færni sem nemandanum er ætlað að ná er í brennidepli.
- Skipulag umhverfisins býður upp á tækifæri til að yfirfæra lærða færni á nýjar aðstæður (alhæfing).
- Verkefnin eru brotin upp þannig að þau séu fyrirsjáanleg og unnin í rúttínu.
- Öll fjölskylda nemandans er þátttakandi í því sem fram fer.

Þær leiðir sem reynast áhrifaríkastar eiga það sameiginlegt að litið er svo á að hver nemandi sé einstakur. Einn nemandi á einhverfurófi getur haft allt aðra styrkleika og þarfir en annar. Starfsfólk skólans ætti enn fremur að leita til þeirra sem þekkja nemandann vel eins og kennara, meðferðaraðila og fjölskyldna - og reyna alltaf að skilja. Nemendur á einhverfurófi geta orðið mikils metnir nemendur í skólanum með stuðningi alls skólasamfélagsins.

<b>Tafla: Hver eru einkenni einhverfu og hvaða áhrif hafa þau á nám og hegðun í skólanum?</b>	
<b>Hegðunareinkenni einhverfu</b>	<b>Möguleg áhrif á nám og hegðun</b>
<b>Erfiðleikar í félagslegum samskiptum lýsa sér í:</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• takmörkuð notkun óyrtra boðskipta s.s. augntengsl og líkamstjáning í félagslegum samskiptum</li> <li>• erfiðleikar í samskiptum við jafnaldra</li> <li>• takmarkaður áhugi á að deila með öðrum og vekja athygli annarra</li> <li>• takmörkuð gagnkvæmni í félagslegum samskiptum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• erfitt að mynda félagsleg tengsl og eignast vini</li> <li>• erfitt að skilja líkamstjáningu og svipbrigði</li> <li>• bókstaflegur skilningur á því sem sagt er</li> <li>• erfitt að skilja félagsleg samskipti, ekki síst í hópi</li> <li>• sýnir tilfinningaleg viðbrögð s.s. ótta og ofsa, án sjáanlegrar ástæðu</li> </ul>
<b>Erfiðleikar í boðskiptum:</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Seinkaður málproski og lítið um tjáningu án orða</li> <li>• erfitt að hefja samræður og viðhalda þeim</li> <li>• sérstakur talsmáti</li> <li>• seinkun varðandi eftirhermu og ímyndunarleiki</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• erfitt að skilja talmál og munnleg fyrirmæli</li> <li>• bregðast ekki við þegar talað er til þeirra</li> <li>• þó nemandi sé fluglæs getur hann átt erfitt með að skilja ritað mál</li> <li>• kýs frekar að leika sér einn en í hópi</li> </ul>
<b>Takmörkuð áhugamál, tengjast oft áráttu:</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• ofurathygli á afmarkað efni</li> <li>• þarf að hafa rúttínu og ákveðnar venjur</li> <li>• endurteknar stegldar (e stereotype) hreyfingar</li> <li>• oft meiri áhugi á ákveðnum hluta leikfangs heldur en leikfanginu sjálfu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• betra að einbeita sér að einu verki í einu eða fáum</li> <li>• erfiðleikar þegar skipta á um verkefni, skyndilegar breytingar á dagskrá eða þegar óvæntir atburðir verða</li> <li>• erfitt að viðhalda athygli án utanaðkomandi aðstoðar</li> <li>• erfitt að fara frá einum stað til annars</li> <li>• erfitt að greina það sem skiptir mestu máli (heildræn sýn)</li> </ul>
<b>Sterk viðbrögð við skynáreitum eða óvenjulegur áhugi á ákveðnum skynáreitum:</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• sterk viðbrögð við ákveðnum áreitum í umhverfinu (t.d. ljósi, litum, hljóðum, mynstrum, lykt, snertingu)</li> <li>• sækir í athafnir sem valda ákveðnum skynhrifum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lokar augunum eða heldur fyrir eyrun</li> <li>• fer í burtu frá erfiðum aðstæðum</li> <li>• þarf á einni manneskju eða hlut að halda í einu</li> <li>• laðast að ákveðnum hlutum eða ákveðnu fólki (horfa, lykta, sleikja)</li> </ul>



Heimildir:

AET Report: What is Good Practice in Autism Education? (2011)

<http://www.autismeducationtrust.org.uk/Global/News/Good%20Practice%20Report%20now%20available.aspx>

Dawson G, and Osterling J. (1997) Early intervention in Autism, in M. Guralnik (ed), *The Effectiveness of Early Intervention*. Baltimore, MD: Brookers

Evald Sæmundsen (2014). Úr *Litróf einhverfunnar*. Ritstj. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen. Háskólaútgáfan, Reykjavík

<http://www.nimh.nih.gov/health/topics/autism-spectrum-disorders-asd/index.shtml>

[http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school\\_community\\_tool\\_kit.pdf](http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school_community_tool_kit.pdf)

Ingólfur Einarsson (2014). Úr *Litróf einhverfunnar*. Ritstj. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen. Háskólaútgáfan, Reykjavík

Kristín Margrét Arnaldsdóttir (2016). Algengi einhverfu hjá 7-9 ára börnum á Íslandi. Kandiðatsritgerð. <http://hdl.handle.net/1946/24916>

Sigríður Lóa Jónsdóttir (2014). Úr *Litróf einhverfunnar*. Ritstj. Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen. Háskólaútgáfan, Reykjavík

## 2. TEACCH hugmyndafræðin

TEACCH líkanið var þróað af Eric Schopler, prófessor við Háskólann í Norður Karolínu í Bandaríkjunum og samstarfsmönnum hans á áttunda áratug síðustu aldar. TEACCH aðferðin er ekki meðferð í sjálfu sér heldur heildstæð nálgun sem hefur það að markmiði að auðvelda einstaklingum á einhverfurófi að skilja umhverfi sitt. TEACCH er fjölskyldumiðuð nálgun með áherslu á þarfir einstaklingsins allt lífið. Áhersla er lögð á að aðlaga umhverfið að þörfum einstaklingsins, nota sjónrænar vísbendingar og gera námsaðstæður þannig úr garði að viðkomandi geti unnið sjálfstætt.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda þar sem horft er á styrkleika hans og áhugamál. Áhersla er lögð á að skapa umgjörð sem veitir öryggi og fyrirsjáanleika og skipulagið er sniðið að þörfum hvers og eins.

TEACCH hugmyndafræðin byggir á gagnreyndum rannsóknum og klínískri reynslu og einkennist af sveigjanleika og einstaklingsmiðaðri nálgun.

### *Menning* fólks á einhverfurófi

Innan TEACCH hefur hugtakið *menning* fólks á einhverfurófi verið þróað í þeim tilgangi að reyna að skilja hvernig þeir einstaklingar hugsa og hegða sér.

Menning vísar til sameiginlegra þátta í mannlegri hegðun. Menningarleg gildi hafa áhrif á hvernig fólk hugsar, borðar, klæðist, vinnur, skilur náttúruleg fyrirbæri eins og veðurfar frá degi til dags, eyðir frítíma sínum, hefur samskipti og aðra mikilvæga þætti í mannlegri hegðun.

Mennig er afar mismunandi hvað þessa þætti varðar þannig að fólki í einum menningarhópi kann stundum að þykja fólk sem tilheyrir öðrum hópi óskiljanlegt eða afar óvenjulegt. Menning í hreinum mannfræðilegum skilningi erfist frá kynslóð til kynslóðar; fólk hugsar, sýnir tilfinningar og hegðar sér á ákveðinn hátt vegna þess sem það hefur lært af undangengnum kynslóðum í sama menningarumhverfi.

Einhverfa er að sjálfsgöðu ekki menning sem slík heldur röskun í taugaproska. Einhverfa hefur samt sem áður áhrif á það hvernig einstaklingurinn borðar, klæðist, vinnur, eyðir frítíma sínum, skilur umhverfi sitt, hefur samskipti við aðra o.s.frv. Að þessu leyti má líta á einhverfu sem sérstaka menningu á þann hátt að hún hefur einkenni og fyrirsjáanleika hegðunar einstaklingsins með skilyrðum sínum. Hlutverk kennara einstaklings á einhverfurófi er því líkt hlutverki þess sem vinnur að því að túlka á milli tveggja ólíkra menningarhópa, sá sem þarf að skilja báða menningarheimana og er fær um að túlka væntingar samfélagsins og hvernig hlutir ganga fyrir sig til einstaklingsins á einhverfurófi. Þannig að til að geta kennt einstaklingum á einhverfurófi, verðum við að skilja menningu þeirra og styrkleika og veikleika samfara henni.

Einhverfa er þroskaröskun sem lýsir sér í erfiðleikum og frávikum á ýmsum sviðum; boðskiptum, félagslegum tengslum við annað fólk, skilningi, skynjun og hegðun. Mikil breidd í greindarfari einstaklinga á einhverfurófi er einn þáttur mikils munar milli þeirra sem tilheyra þessum hópi; annar þáttur er mismunandi geta hjá hverjum einstaklingi. Flestir á

einhverfurófi sýna styrkleika á ákveðnum sviðum, venjulega tengda ákveðnum þáttum í minni, sjónskynjun eða óvenjulegum hæfileikum (t.d. við að teikna, fullkomna tónheyrn).

Vegna þess að ekki er hægt að taka í burtu líffræðileg vandamál tengdum einhverfu er ekki hægt að setja sér það náms- eða meðferðarmarkmið að gera einstaklingana „heilbrigða“. Langtímamarkmið með TEACCH-hugmyndafræðinni er hins vegar að einstaklingurinn aðlagist samfélaginu eins vel og kostur er sem fullorðinn. Þessu markmiði verður náð með því að virða það hvernig einhverfan mótar hvern einstakling og kenna honum út frá hans eigin menningu hvernig aðlagast megi samfélaginu á sem bestan hátt.

Við vinnum samtímis að því efla þekkingu og skilning einstaklingsins og aðlaga samfélagið að sérstökum þörfum hans og takmörkunum. Það sem við reynum að gera er í raun það sama og við myndum sjálf kjósa þegar við heimsækjum framandi menningarheim; um leið og við reynum að læra eitthvað í tungumálinu og fræðast um venjur og siði í landinu, eins og peningakerfið eða hvernig á að ná í leigubíl, verðum við afar glöð ef við sjáum skilti á tungumáli sem við skiljum eða fáum túlk til að aðstoða okkur við að kaupa lestarmiða eða panta máltíð. Á sama hátt ættu námsmarkmið í kennslu einstaklinga á einhverfurófi að vera að auka skilning þeirra sjálfra og gera umhverfið skiljanlegra.

Til að ná þessum markmiðum að hjálpa einstaklingum á einhverfurófi að verða virkari í samfélagi okkar, er nauðsynlegt að hanna kerfi sem nær yfir sterka og veika þætti einhverfunnar sem hafa daglega áhrif á nám og hegðun. Þessi nálgun á einhverfu er tengd en þó frábrugðin þeirri nálgun að skilgreina veikleikana í greinandi tilgangi. Greiningarviðmið einhverfu, s.s. félagslegir erfiðleikar og boðskiptavandi eru mikilvægir til að greina einhverfu frá öðrum tegundum fatlana en eru tiltölulega ónákvæm í þeim tilgangi að skilgreina hvernig einstaklingurinn skilur heiminn, hegðar sér í samræmi við skilning sinn og lærir.

Eftirfarandi eru mikilvæg einkenni einhverfunnar sem hafa áhrif á þá hegðun sem einkennir menningu þessarar röskunar. Þessi einkenni eru ekki einungis bundin við einhverfu.

- Styrkleikar á sjónrænu sviði (oft veikleikar á heyrnrænu sviði, einkum varðandi mál og boðskipti).
- Áhersla á einstök atriði en oft erfiðleikar við að sjá heildarmyndina.
- Skertur hæfileiki til að tengja merkingu við reynslu.
- Erfiðleikar við að skipuleggja og raða - skert framkvæmdafærni.
- Athyglisbrestur (sumir eiga erfitt með einbeitingu og aðrir eiga erfitt með að skipta úr einni athöfn í aðra).
- Tímaskynjun (getur lýst sér í að erfitt sé að flýta sér eða hægja á sér og erfitt að sjá upphaf og endi verkefna).
- Boðskiptaerfiðleikar, mismunandi eftir einstaklingum en oft vandi að skilja félagleg samskipti.
- Erfiðleikar við að alhæfa, flytja þekkingu frá einum stað til annars.
- Yfirdrifinn ákafi að ná sínu fram.
- Skynjunarerfiðleikar.

## Skipulögð kennsla

Skipulögð kennsla (e. structured teaching) er kennsluáðferð sem er hluti af hugmyndafræði TEACCH og byggir á skilningi á námsstíl nemenda á einhverfurófi og notkun sjónrænna vísbendinga til að efla skilning og sjálfstæði. Skipulögð kennsla er bæði aðferð til að kenna nýja færni ásamt því að skipuleggja allt umhverfi nemandans svo það sé fyrirsjáanlegt og merkingarbært.

### *Einkenni skipulagðrar kennslu:*

- Skilja *menningu* fólks á einhverfurófi.
- Einstaklings- og fjölskyldumiðuð áætlun fyrir hvern einstaka nemanda.
- Skipulagt umhverfi.
- Nota sjónrænar vísbendingar til að gera athafnir daglegs lífs fyrirsjáanlegar og skiljanlegar.
- Sjónrænar vísbendingar til að gera einstök verkefni skiljanleg.

Umgjörð skipulagðrar kennslu er táknuð með pýramída sem er hafður að leiðarljósi við gerð einstaklingsnámskrár. Öll þrep pýramídans sýna mikilvægi fyrirsjáanleika og rúttínu. Pýramídiinn er byggður upp af eftirtöldum þáttum:



Áður en einstakir þættir pýramídans eru skoðaðir er gagnlegt að skoða ýmis einkenni einhverfunnar og hvernig þau kalla á þörf fyrir skipulag sem síðan stuðlar að jákvæðri námsupplifun.

**Boðskiptaerfiðleikar** eru eitt af einkennum einhverfu. Tal og skilningur fara ekki alltaf saman og stundum skilur nemandinn ekki þau töluðu orð sem kennarinn gerir ráð fyrir að hann skilji. Þetta getur orsakað erfiða hegðun og frumkvæðisleysi. Nemandinn getur átt erfitt með að tjá sig í töluðum orðum og þar með átt erfitt með að láta kennara vita hvenær hann er þreyttur, svangur, hvenær búinn eða hvenær honum leiðist nema með því að sýna krefjandi hegðun. Ef til vill hefur nemandinn **skert raðminni** (e. sequential memory), sem lýsir sér í erfiðleikum við að muna jafnvel einföldustu athafnir eða fyllist óöryggi þegar

eitthvað óvænt gerist. Oft vill nemandinn helst fást við athafnir sem hann kann og þekkir og er ófús að takast á við eitthvað nýtt. Stundum eiga nemendur erfitt með að **skipuleggja og raða** eða hafa stjórn á eigin hegðun og skilja illa almennar samskiptareglur. Þetta getur birst í að reyna að ná athygli annarra á óviðeigandi hátt eða vilja helst vera einn. Vegna erfiðleika við að skilja **félagsleg samskipti** getur nemandinn virst áhugalaus um að þóknast öðrum og sýnt lítil viðbrögð við hrósi. Þá getur nemandinn sýnt mótþróa við að læra nýjar athafnir. Erfiðleikar vegna **skynáreita** koma oft í veg fyrir að nemandinn geti einbeitt sér að námi og geta leitt af sér erfiða hegðun.

Sjónrænt skipulag sem nemandinn skilur, hvort sem er í skólastofunni eða öðrum námsaðstæðum, getur dregið úr þessum erfiðleikum og þannig auðveldað nemandanum að einbeita sér að náminu.


## Umhverfi og aðstæður

Hér er átt við ytra umhverfi nemandans, s.s. kennslustofuna og/eða heimilið. Í kennslustofunni geta þetta verið eftirtalin svæði:

- Einstaklingskennsla.
- Sjálfstæð vinna.
- Leiksvæði.
- Hópvinna.
- Matartími - pása.
- Staður fyrir stundatöflu.
- Tölva, svæði til að lesa, skynörvun.

Vel skipulögð skólastofa gerir nemandanum auðveldara að sjá fyrir til hvers er ætlast yfir daginn og við það verður öll truflun í lágmarki. Illa skipulögð skólastofa getur haft þau áhrif að nemandinn truflast af smáatriðum sem skipta hann ekki máli og það dregur úr getu hans til að geta einbeitt sér að námi. Best er að gera umhverfið þannig úr garði að það sé án truflandi áreita og alls sem getur valdi ringulreið.

Með umhverfi og aðstæðum er átt við hvernig húsgögnum er komið fyrir og hvar námsgögn eru staðsett. Vel skipulögð skólastofa er lykilatriði, hvort sem um er að ræða sérkennslustofu eða almennan bekk.



Þegar nemandinn hefur lært á hvert svæði og hann veit til hvers er ætlast á hverjum stað, er líklegt að umhverfið nýtist til að hjálpa honum að stjórna hegðun sinni. Skipulagt umhverfi getur þannig orðið til að draga úr erfiðri hegðun.

Kennarar þurfa í byrjun að skilgreina svæðin í skólastofunni. Það er gert með tilliti til einstaklingsnámskrár, aldurs nemandans og athafnanna sem fram eiga að fara.

Því næst þarf að afmarka svæðin með sjónrænum vísbendingum eða einhverju sem afmarkar tiltekin svæði. Það geta t.d. verið skilrúm, húsgögn (borð, hillur, skrifborð), efni, límband, teppi, merkimiðar eða nota áherslupenna.

Loks þarf að kenna nemandanum til hvers er ætlast á hverjum stað og hvernig fara skal á milli svæða. Þarna getur þurft sjónrænar vísbendingar, að æfa hvernig á að bregðast við vísbendingunum og að ljúka við verkefni á hverju svæði fyrir sig. Kennarar þurfa stöðugt að meta skipulagið og skoða hvort það sé merkingarbært fyrir nemandann. Ef í ljós kemur að nemandi eigi erfitt með að fara eftir þessum vísbendingum getur þurft að einfalda skipulagið og bæta við vísbendingum.

Þá þarf að hafa í huga að draga úr sjónrænum og heyrnrænum áreitum ef þörf er. Ef of mikið áreiti er í gangi, getur það leitt til minni athygli og erfiðrar hegðunar. Skynáreiti þarf stöðugt að meta þegar aðstæður eru skipulagðar s.s. hávaði, lýsing, efni sem notað er o.fl.

Nokkur atriði til að hafa í huga þegar umhverfi er skipulagt:


Skipuleggðu skólastofuna í byrjun hvers skólaárs og kenndu nemendum að nota hvert svæði. Líklegt er að vel skipulagt umhverfi nýtist fleiri nemendum en þeim sem eru á einhverfurófi.

Mundu að nemendur hafa mismunandi þarfir fyrir skipulag svo stöðugt þarf að meta hvernig skipulagi nýtist og gera breytingar að þörfum.

Hér eru nokkur dæmi um hvernig afmarka má svæði í kennslustofu:



Sjálfstæð vinna



Sjálfstæð vinna



Hóptími



Sjálfstæð vinna



Sjálfstæð vinna inni í bekk



Aðferð til að draga úr hávaða


## Sjónrænt dagskipulag (stundatöflur)

Nemendur á einhverfurófi hafa þörf fyrir dagskipulag, sem er hluti af skipulagi skólastofunnar. Sjónrænt skipulag sem sýnir nemandanum hvað á að gera og í hvaða röð.

Sjónrænt dagskipulag er mikilvægt fyrir börn á einhverfurófi vegna þess að:

- Mörg eiga erfitt með að muna í hvaða röð á að gera hlutina og að skipuleggja tíma sinn.
- Það auðveldar börnum með seinkaðan málþroska að skilja til hvers er ætlast af þeim.
- Það dregur úr ótta og þar með úr erfiðri hegðun, sem oft stafar af því að vita ekki hvað á að gera. Dagskipulag gefur til kynna að athafnir taka ákveðinn tíma (ss. skilja að "frímínútur" koma á eftir vinnustundinni) og undirbúa nemendur þannig fyrir breytingar.
- Það stuðlar að því að nemandinn geti farið úr einum aðstæðum í aðrar án aðstoðar. Dagskipulag má nota í hvaða umhverfi sem er (skólastofunni, íþróttasalnum, í iðjupjálfun, hjá talkennaranum ofl.)

Dagskipulag segir til um "fyrst - svo"; þ.e. "fyrst geri ég \_\_\_\_\_, svo geri ég \_\_\_\_\_"



**Dæmi:** Nemandi á erfitt með að ljúka við heila blaðsíðu í stærðfræðibókinni. Ástæðan getur verið ótti, skynjunarvandi, erfiðleikar við að alhæfa, utanaðkomandi truflun, breytingar o.s.frv. Hægt er að brjóta verkefnið niður þannig að nemandinn þurfi bara **fyrst** að reikna þrjú dæmi, **svo** kemur pásan, eins og sýnt er á dagskipulaginu.

- Dagskipulagið getur einnig náð yfir ýmsar félagslegar athafnir (t.d. að sýna kennaranum verkefnið sem lokið er við til að fá hrós).
- Það getur verið hvetjandi fyrir nemandann að ljúka við verkefni sem honum þykir leiðinlegt að setja næst á dagskipulagið eitthvað sem honum þykir skemmtilegt.

**Dæmi:** Með því að setja "tölvu" á eftir "stærðfræði", getur verið hvati fyrir nemandann að ljúka við stærðfræðina.

- Það þarf að kenna nemandanum hvernig dagskipulagið virkar og nota það markvisst. Dagskipulag á ekki að vera "hækja" til að styðjast við tímabundið, heldur á það alltaf að vera til staðar. Dagskipulagið þjónar þeim tilgangi að efla sjálfstæði nemandans gegnum lífið - í skólanum, heima og annars staðar í samfélaginu.
- Að búa til dagskipulag: Skipulagið ætti annað hvort að vera frá vinstri til hægri eða ofan frá og niður, þannig að nemandinn sjái hvað er búið og hvað er eftir.

**Dæmi:** Setja kross yfir það sem búið er / setja það sem búið er í sérstakt "búið" umslag eða ílát / merkja við það sem búið er / strika yfir það sem búið er.


- Dagskipulag ætti að innihalda a.m.k. tvær athafnir til að kenna nemandanum að átta sig á athafnaröð.
- Dagskipulag getur verið útbúið á margs konar vegu, eftir þörf hvers og eins nemanda.



Hlutatafla



Myndir - einn dagur



Myndir - ein vika

**Dæmi:** Hlutatafla, möppur; ýmsar gerðir, plasthúðað blað sem hægt er að skrifa á, töflugrunnur með riflás o.fl.

- Töflutáknin geta verið á ýmsan hátt, t.d.:
- Raunverulegir hlutir
- Ljósmyndir
- Teikningar
- Myndakerfi, t.d. Boardmaker
- Skrifuð orð/listar



**Einstaklingstafla:** Nauðsynlegt er að búa til dagskipulag / stundatöflu fyrir hvern nemanda í viðbót við dagskipulag fyrir hóp nemenda.

- Einstaklingstafla gefur nemandanum mikilvægar upplýsingar á því sjónræna formi sem hann skilur auðveldlega.
- Hafa þarf í huga lengd stundatöflu fyrir hvern nemanda (hve margar athafnir). Stundum þarf að fækka athöfnum sem sýndar eru á töflunni, t.d. ef nemandinn er mjög upptekinn af einhverju sem gerist síðar um daginn eða ef of mörg töflutákn trufla.

**Dæmi:** Nemandi er mjög upptekinn af hvenær frímínútur eru. Ef nemandinn er í byrjun dagsins sífellt að hugsa um hvenær frímínúturnar verða og það veldur ótta eða kvíða, getur verið gott að láta töfluna einungis ná yfir þær athafnir sem eru á undan frímínútunum og setja síðan táknið yfir þær rétt áður en þær byrja. Sífellt verður að meta hvað hentar hverjum einstaklingi.

**Töflumiði:** Sumir nemendur þurfa á töflumiða að halda sem segir þeim að fara að töflunni og skoða hvað gerist næst.

**Dæmi:** Töflumiði getur t.d. litið þannig úr að nafn nemandans er skrifað á hann, eða hann er með sama litabakgrunn og sjálf taflan.

- Töflumiði er sjónræn vísbending sem kemur í stað þess að kennarinn segi nemandanum að skoða töflu.
- Nemandi sem er háður fyrirmælum kennarans í stað þess að nota töflumiða getur átt í erfiðleikum með að nýta sér töfluna/dagskipulagið að fullu.

**Að skipta úr einni athöfn í aðra.** Sumir nemendur þurfa að taka miðann/hlutinn sem sýnir næstu athöfn með sér frá einum stað til annars. Það getur verið vegna erfiðleika við að muna hvert á að fara eða við að halda einbeitingu á leiðinni.

**Dæmi:** Sumir nemendur þurfa á því að halda að taka miðann yfir næstu athöfn með sér milli staða, óháð því hvort nemendur búa yfir talmáli eður ei. Það sem þarna ræður er hvort nemandinn lætur auðveldlega truflast af umhverfinu eða ekki.

**Hér eru nokkur atriði sem kennarar þurfa að hafa í huga við skipulagningu skólastofu og gerð stundaskrár / dagskipulags.**

- Eru kennarar meðvitaðir um allar athafnir sem taflan þarf að innihalda?
- Er jafnvægi milli einstaklingskennslu, sjálfstæðrar vinnu, hópinnu og afþreyingar?
- Er gert ráð fyrir þörfum nemandans fyrir pásu og umbun? Er gert ráð fyrir verkefnum sem nemandanum þykja skemmtileg eftir verkefni sem hann hefur ekki eins mikinn áhuga á?
- Hjálpar taflan nemandanum að skilja hvert á að fara og hvað á að gera?
- Sýnir dagskipulagið nemandanum hvar og hvernig á að byrja á verkefni og hvenær það er búið?

- Hvað sýnir nemandanum hvenær verkefni er búíð; tímaklukka, fyrimæli frá kennara, klukka sem nemandinn fylgist með?
- Er stundataflan útfærð þannig að nemandinn skilji hana auðveldlega?

## Vinnukerfi

Rannsóknir hafa sýnt að fólk á einhverfurófi hefur styrkleika á sjónræna sviðinu. Sjónrænar vísbendingar auðvelda skilning og þátttöku viðkomandi á því sem fram fer. Vinnukerfi gefur upplýsingar um innihald verkefna; **hvað** á að gera, **hve mörg** verkefni, **hve lengi** og **hvað næst**?

Með **vinnukerfi** er átt við að verkefnið er kynnt/sýnt á skipulagðan hátt til að nemandinn geti unnið það sjálfstætt án leiðsagnar frá kennara. Vinnukerfi getur tekið til skólaverkefna en einnig athafna daglegs lífs, tómstunda o.fl. Vinnukerfi þarf að gefa til kynna:

**Hvað á að gera?** Hvers eðlis er verkefnið (t.d. flokka eftir litum, leggja saman/draga frá tveggja stafa tölur, búa til samloku, burstu tennur o.fl.)

**Hve mikið?** Verkefnið inniheldur nákvæmlega það sem gera skal. Ef nemandinn á að klippa út 10 myndir, ekki láta hann hafa fullt af myndum og gera ráð fyrir að hann klippi 10 þeirra heldur einungis þær 10 sem klippa skal. Ef verkefnið er ekki vel afmarkað getur það valdið óöryggi og ótta.

**Hvenær búíð?** Verkefnið sjálft þarf að gefa til kynna hvenær það er búíð eða nota tímaklukku eða sjónrænar vísbendingar sem sýna hvenær skal hætta.

**Hvað svo?** Það getur gefið góða raun að vera með einhverskonar umbun að verki loknu, eins og eitthvað sem nemandinn hefur gaman af, taka pásu eða fá að velja sér viðfangsefni. Stundum er það nóg umbun að vera búinn með verkefnið.

### *Dæmi um mismunandi vinnukerfi, frá einföldum til flóknari:*

**Röð frá vinstri til hægri og "búíð" box/karfa/mappa.** Þetta er einfaldasta gerð af vinnukerfi sem felur í sér að verkefnin sem unnið er með eru sett í hillu/möppur/körfur vinstra megin við nemandann. Hann lærir að taka verkefnin frá vinstri og þegar hverju þeirra er lokið eru þau sett í "búíð" ílátið.


**Para saman - liti, form, bókstafi, tölur.** Þetta er aðeins flóknara vinnukerfi. Hér þarf nemandinn að para saman tákn við samskonar ílát undir verkefni.



Vinnukerfi

**Dæmi:** Nemandinn hefur tölurnar 1-10 á spjöldum fest með riflás á borðinu fyrir framan sig. Einnig eru jafnmörg verkefni vinstra megin og er hvert þeirra merkt með ákveðnum tölustaf. Nemandinn tekur spjald með tölustafnum "1" og þarar við ílátið með sama tölustaf. Síðan koll af kolli þar til hann hefur lokið við öll verkefni.

**Skrifaður listi.** Þetta er flóknasta útgáfan af vinnukerfi. Hér er skráð hvaða verkefni á að vinna og í hvaða röð.



## Rútínur (venjur)

Í anda TEACCH hugmyndafræðinnar, skipta rútínur nemendur á einhverfurófi miklu máli. Með rútínum er átt við athafnir eða verkefni sem unnin eru á ákveðinn hátt og fylgja föstum venjum. Öll börn hafa gagn af rútínum í daglegu lífi og ekki síst börn á einhverfurófi. Rútínur veita öryggi og fyrirsjáanleika sem dregur úr ótta og óöryggi í heimi sem oft og tíðum er mjög ófyrirsjáanlegur. Rútínur þurfa líka að vera sveigjanlegar þannig að verkefni geta breyst þó rútínan haldist sem slík.

### *Mikilvægar rútnur í skipulagðri kennslu:*

- Fyrst / svo rútnur (vinna fyrst, svo leika).
- Röð frá vinstri til hægri eða ofan frá og niður í stundatöflum, vinnukerfi og verkefnum.
- Skoða töflu.
- Fylgja vinnukerfinu.
- Kenna nemandanum að fylgja sjónrænum vísbendingum.

Þessa rútnu má svo nota áfram í lífi einstaklingsins við mismunandi aðstæður.

## Verkefni

Verkefni sem vinna skal sjálfstætt eru stundum kölluð TEACCH verkefni. Þessi verkefni innihalda allt efni sem vinna á með og auk þess nauðsynlegar leiðbeiningar til að nemandinn geti leyst verkefnið af hendi. Verkefnin geta verið í kassa, körfu, djúpum eða grunnum bakka, í plastvasa, í möppu, skrá eða á skjáborði. Sami nemandinn getur fengist við margvísleg verkefni.

Verkefnin eru útbúin með þarfir hvers nemanda í huga, getu hans og áhugamál. Verkefnin ættu að vera þannig úr garði gerð að þau séu aðlaðandi fyrir nemandann.



Nemandi lærir ný verkefni hjá kennara

Áður en nemendur vinna að verkefnum sínum sjálfstætt þarf að kenna þeim þau í einstaklingskennslu. Verkefnið þarf að vera í samræmi við einstaklingsnámskrá og hafa skýrt upphaf og endi þannig að ekki fari á milli mála hvernig á að vinna það. Þetta má t.d. gera með því að skipuleggja verkefnið sjónrænt, með skrifuðum leiðbeiningum, með því að nota örvar eða pílur, útlínur, raunverulega hluti eða myndir. Umbúðir verkefnisins eru lýsandi, verkefnið þarf að vera ein heild og sýna í hvaða röð vinna skal.



### Reglurnar:

- Verkefni skv. einstaklingsnámskrá.
- Skýrt upphaf og endir.
- Merkingarbært fyrir nemandann.
- Höfðar til styrkleika og áhugamála nemandans.
- Nemandinn getur unnið verkefnið sjálfstætt án aðstoðar.

### Heimildir:

Hume, K. 2008. *Overview of Visual Supports*. Chapel Hill, NC: National Professional Development Center on autism spectrum disorders, Frank Porter Graham Child Developmental Institute, The University of North Carolina.

Mesibov GB, Shea V, Shopler E. 2005. *The TEACCH approach to autism spectrum disorders*. Ney York: Kluwer Academic/Plenum Publishers

Mesibov, Gary B. & Victoria Shea, Division TEACCH "From Theoretical Understanding to Educational Practice. **The Culture of Autism.**" Greinin var fengin af heimasíðu TEACCH ([www.unc.edu/depts/teacch](http://www.unc.edu/depts/teacch)). Þýtt og birt með góðfúslegu leyfi Gary B. Mesibov. Ásgerður Ólafsdóttir, sérkennari (2000). [asgol@icloud.com](mailto:asgol@icloud.com). Greinin er á heimasíðu Einhverfusamtakanna: [www.einhverfa.is](http://www.einhverfa.is)

<http://www.oaklands.hounslow.sch.uk/page/?pid=33> (sótt 3.12.2015)

<http://www.specialed.us/autism/structure/str10.htm> (Written by Susan Stokes under a contract with CESA 7 and funded by a discretionary grant from the Wisconsin Department of Public Instruction).

<http://teacch.com/educational-approaches/structured-teaching-teacch-staff>(sótt 26.11.2015)

<http://www.specialed.us/autism/structure/str10.htm> (sótt 26.11.2015)

<http://www.iidc.indiana.edu/styles/iidc/defiles/IRCA/Structured%20Teaching%20Strategies%20Article%201.pdf> (sótt 26.11.2015)

[http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school\\_community\\_tool\\_kit.pdf](http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school_community_tool_kit.pdf)

Verkfærakista (Toolkit). Hagnýt ráð um kennslu nemenda með einhverfu. Ásgerður Ólafsdóttir og Sigrún Hjartardóttir

[http://web.ornl.gov/sci/techresources/Human\\_Genome/project/info.shtml](http://web.ornl.gov/sci/techresources/Human_Genome/project/info.shtml) (sótt 26.1.2014)

[http://www.autismuk.com/?page\\_id=104#pagesection](http://www.autismuk.com/?page_id=104#pagesection)

<https://www.teacch.com/about-us/what-is-teacch>

<http://www.nimh.nih.gov/health/topics/autism-spectrum-disorders-asd/index.shtml>

[http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school\\_community\\_tool\\_kit.pdf](http://www.autismspeaks.org/sites/default/files/school_community_tool_kit.pdf)

### 3. Boðskipti og félagsfærni

Boðskipti eru það ferli að senda og taka á móti skilaboðum manna á milli. Boðskipti eru miklu fleira en orð, svo sem hreyfing, látbragð, raddbeiting, hljómfall, augntillit, svipbrigði o.fl. Þróun boðskipta frá því einfalda til hins flókna eru:

- taka eftir öðrum
- líta á hlut og síðan á þig
- vita hvernig má ná athygli
- nota tákni, hluti, myndir
- hlutlæg hugsun
- tengja saman hluti og athafnir
- huglæg hugsun



Fyrri rannsóknir á þróun boðskipta hafa leitt í ljós að fastar daglegar rútínur auka boðskiptahæfni (Bruner og Piaget) og byggir hugmyndafræði skipulagðrar kennslu á þeim kenningum.

Hér á eftir eru hugmyndir um hvernig setja má upp aðstæður til boðskipta sem eru hvetjandi fyrir barnið. Margar þeirra byggja á leik, aðrar þannig að nemandinn þarf að leysa ákveðin verkefni. Allar taka þær til tímabátta, einkum þess að "bíða", þannig að sá fullorðni sem setur upp aðstæðurnar gefur nemendum nauðsynlegan tíma til að bregðast við.

Hafa gaman - kennari leikur rútínuleik í nokkur skipti, stoppar síðan og bíður eftir viðbrögðum nemandans. Ef rútínuleikurinn inniheldur hreyfingar, einfalt talmál eða ákveðna hluti, hefur nemandinn úr nokkrum möguleikum að velja hvernig hægt er að halda áfram með rútínuna.

#### Dæmi:

- blása sápukúlur/ blása blöður
- leika með púða
- líkamlegt inngríp s.s. að kitla og róla
- söng- og hreyfileikir / hlutir sem snúast



Rútínur efla frumkvæði vegna þess að þær eru fyrirsjáanlegar, endurtekningar, þykja oft skemmtilegar og byrja alltaf og enda á sama hátt.

Það að búa til hindranir getur aukið boðskipti.

#### Dæmi:

- hlutir sem eru utan seilingar en sjást samt
- standa í vegi fyrir nemandanum, t.d. í dyragætt
- ílát sem nemandinn getur ekki opnað án aðstoðar
- leikföng sem barnið getur ekki leikið með án aðstoðar

Setja upp aðstæður til að leysa vandamál.

**Dæmi:**

- taka eitt púsl í burtu úr púsluspili
- setja aukahlut saman við verkefnið sem verið er að leysa
- rétta barninu skóna hans pabba í staðinn fyrir sína skó
- setja kubb á matardiskinn í stað matar
- sleppa að setja t.d. gaffal á borðið í matartíma
- hella einhverju niður

Takið eftir því sem barninu líkar ekki við.

Áður en neikvæð hegðun verður að vandamáli, kenndu barninu aðferð til að tjá þegar það er *búið* eða *vill hætta* eða *taka pásu*, og bregstu alltaf við þegar barnið tjáir þessi viðbrögð.

**Dæmi:**

- bjóddu barninu að borða eitthvað sem það vill ekki og kenndu því hvernig það getur afþakkað
- kenndu barninu að tjá *taka pásu* þegar það er í streituvaldandi aðstæðum, eins og t.d. þegar hárið er klippt, og að fara síðan aftur í fyrri aðstæður þegar það er tilbúið



(Mynd: Sussman, Fern)

Kenndu barninu að velja með því að vera með sjónrænar vísbendingar.



(Mynd: Sussman, Fern)

**Dæmi:**

- matur og drykkur
- leikföng / myndbönd / söngvar
- hvert á að fara
- í hvaða fötum á að vera



Æfðu athöfnina að gera til skiptis með því að nota sjónrænar vísbendingar ásamt orðum.

### Dæmi um sjónrænar vísbendingar:

- bentu á þann sem á að gera
- réttu hlut (t.d. kubb/hljóðnema) til þess sem á að gera
- vertu með nafnspjöld eða myndaspjald
- sérstakur hnappur að ýta á eða hattur á höfuð þess sem á að gera

Lykilatriði til að hafa í huga:

1. Við erum að kenna barninu HVERNIG á að eiga boðskipti (boðskiptakerfi) og HVERS VEGNA við eigum boðskipti.

2. Fjölpætt boðskipti (blanda saman látbragði, myndum, orðum, hlutum) eru af hinu góða og hjálpa barninu bæði að læra HVERNIG og HVERS VEGNA á fljótari hátt. Mikilvægt að bregðast strax við tilraun barnsins til boðskipta, hvort sem það er talað orð, látbragð, mynd, hlutur eða eitthvað annað.

3. Sjónrænar vísbendingar sem stuðningur við boðskipti hjá börnum með einhverfu skipta mjög miklu máli vegna þess að:

- þær eru alltaf eins
- vekja athygli og geta virkað hvetjandi
- falla að sérstökum námsstíl þeirra
- draga úr ótta
- gera hugtök skiljanlegri
- hjálpa þeim að skilja að boðskipti þurfa að berast manna á milli



Notið matmálstíma til að þjálfra boðskipti

#### 4. Til að hjálpa barninu að skilja þig og einnig þróa talmál þess:

- takmarkaðu tjáningu þína við orð sem barnið þekkir og reyndu að nota sömu orð hverju sinni við sömu aðstæður
- notaðu stuttar, einfaldar setningar og hugtök
- talaðu hægt og skýrt og mundu að **BÍÐA**
- ýktu rödd þína og svipbrigði
- notaðu látbragð eða sjónrænar vísbendingar (myndir, hluti, skrifuð orð) til stuðnings því sem þú segir
- ef barnið er stessað eða í ójafnvægi, dragðu úr talmáli þínu og auktu við sjónrænar vísbendingar. **Tala minna, sýna meira**
- endurtaktu það sem barnið segir og bættu hægt og rólega við orðum
- þegar barnið er niðursokkið í eitthvað sem það hefur áhuga á, notaðu einfalt mál til að lýsa því sem það gerir. Þegar orð eru sett á athafnir, eykst skilningur (Susan Boswell)

### Virk boðskipti

Eftirfarandi ábendingar varðandi boðskipti barna á einhverfurófi geta einnig komið öðrum börnum að gagni. Boðskiptin þarf að aðlaga hverjum nemendahópi og nota þarf sjónrænar vísbendingar, einkum með börnum sem hafa lítið eða ekkert talmál. En sjónrænar vísbendingar geta líka gagnast börnum sem hafa talmál.

- Við þurfum að vera eins nákvæm og mögulegt er í orðavali þegar við tölum við barnið. Of flókið talmál verður auðveldlega misskilið. T.d. ef sagt er: *Viltu klára verkefnið þitt núna?* gæti svarið auðveldlega verið: *nei*, án þess að nemandinn sé beinlínis að neita að vinna verkefnið. Annað dæmi: *Geturðu náð í blaðið og sett það í ruslafötuna?* Hér gæti svarið verið *já*, án þess að athöfn fylgi orðum. Ef til vill skilur nemandinn ekki að þú varst að biðja hann að ljúka við þetta verkefni. Hér verðum við að hafa í huga bókstaflegan skilning sem oft er hjá börnum á einhverfurófi.
- Hugaðu að því hvernig þú orðar hlutina. Forðastu tvíræðni, kaldhæðni, að stríða, að nota tvíræða brandara, nema þú sért viss um að nemandinn skilji slíkt. Vertu viss um að ná athygli nemandans áður en þú talar við hann. Notaðu nafn hans en ekki gera kröfur um að hann horfi í augu þín, slíkt er oft erfitt fyrir nemendur á einhverfurófi.
- Þú getur þurft að hægja á boðskiptunum - leyfðu nokkrum sekúndum að líða svo nemandinn fái tíma til að vinna úr nýjum upplýsingum og bregðast við, áður en þú heldur áfram, eða endurtaktu það sem þú sagðir.

- Gakktu úr skugga um að nemandinn skilji hvað hann eigi að gera í skólanum eða sem heimavinnu. Það er ekki endilega víst að hann viti það þó hann geti endurtekið það sem þú sagðir. Það reynist nemendum á einhverfurófi oft erfitt að vinna úr munnlegum upplýsingum. Þarna geta sjónrænar upplýsingar hjálpað.
- Gakktu úr skugga um að nemandinn viti til hvers er ætlast af honum í skólanum. Til dæmis, hvar hann á að vera í skólastofunni eða í skólanum; hvernig á að komast milli staða í skólanum, hvert á að fara í matartímum, hvert hann geti leitað ef frímínútur reynast of erfiðar. Flestir erfiðleikar stafa af ónógum upplýsingum um hvað á að gera í hinum ýmsu aðstæðum.
- Sýndu þolinmæði. Einhverjir nemendur gætu komið fyrir sjónir eins og þeir forðist samskipti við þig, virst ókurteisir eða áhugalausir. En þetta er sjaldan raunin. Nemendur á einhverfurófi eru sjaldnast uppteknir af því eða meðvitaðir um hvernig þeir koma öðrum fyrir sjónir. Stundum kemur fyrir að þeir segja eitthvað sem ögrar þér. Reyndu að taka það ekki persónulega, heldur bregðast við af yfirvegun.
- Erfiðleikar nemandans stafa af líffræðilegum orsökum í þeim hluta heilans sem snýr að félagslegri hegðun og skilningi.
- Tryggðu að nemandinn eigi útgönguleið úr erfiðum aðstæðum. T.d. ef nemandinn á erfitt inni í bekknum þá geti hann farið á rólegan stað í skólanum meðan hann er að jafna sig.
- Forðastu að hækka róminn eða þrasa við reiðan / æstan nemanda. Margir á einhverfurófi eru mjög viðkvæmir fyrir hávaða, sumir finna bókstaflega til í líkamanum við slíkar aðstæður. Hávær, reið rödd hjálpar nemandanum ekki að skilja til hvers er ætlast. Notaðu rólega, blíða rödd - ekki tala hátt eða ætlast til að nemandinn skilji með því að sjá látbragð þitt eða svipbrigði. Reyndu frekar að dreifa athyglinni. Gefðu honum til dæmis kost á að fara á *gríðastaðinn* (e. quiet room). Stundum er gott að sýna miða með mynd af *gríðastaðnum*. Ef þetta virkar ekki, haltu áfram að bjóða nemandanum að fara í rólegar aðstæður og gefðu honum tíma til að meðtaka upplýsingarnar. Farðu síðan með hann í burtu úr aðstæðum á rólegan hátt.
- Samskiptabækur eða aðrar samskiptaleiðir við foreldra, geta auðveldað boðskipti og hjálpað foreldrum að vita hvað fram fer og öfugt.

Heimildir:

Autism Spectrum Disorders. A Resource pack for schools NAS 2014.  
[http://www.autism.org.uk/~media/NAS/Documents/Working  
with/Education/AutismResourcePackForSchoolStaff-Sept2015.ashx](http://www.autism.org.uk/~media/NAS/Documents/Working%20with/Education/AutismResourcePackForSchoolStaff-Sept2015.ashx)

Susan Boswell, TEACCH  
([http://teacch.com/communication-approaches-2/communication-incentives-  
susan-boswell](http://teacch.com/communication-approaches-2/communication-incentives-susan-boswell)) Sótt 3.12.2015

Nokkrir fleiri tenglar er varða boðskiptaþjálfun:

[www.autism.org.uk/visualsupports](http://www.autism.org.uk/visualsupports),

[www.autism.org.uk/socialstories](http://www.autism.org.uk/socialstories),

[www.autism.org.uk/environment](http://www.autism.org.uk/environment),

[www.do2learn.com](http://www.do2learn.com),

[www.asdvisualaids.com](http://www.asdvisualaids.com),

[www.pecs-unitedkingdom.com](http://www.pecs-unitedkingdom.com)

## Félagsfærni

Veigamikill þáttur í námskrá nemanda á einhverfurófi er að styðja við og efla félagsfærni. Nemendur á einhverfurófi hafa oft löngun til að eiga í samskiptum við aðra en átta sig ekki alltaf á hvernig á að fara að eða þeim vex í augum að reyna. Margir eru mjög miður sín vegna félagslegra erfiðleika sinna og forðast þá samskipti jafnvel þó mikil löngun sé fyrir hendi. Aðrir reyna ýmsar aðferðir til að hafa samskipti við aðra þar til þeir finna út hvernig það gengur best.

Þróun félagsfærni nær til fjölda færniþátta, s.s. tímasetningar og athygli, skynjunarþátta og boðskipta, sem allt þarf að vinna saman til að bæta félagsfærni. Þegar vel tekst til leiðir það af sér frekari áhuga á samskipti.

### *Aðferðir til að efla félagsfærni*

Styrkið nemendur í því sem vel gengur félagslega

Verið með sýnikennslu í félagslegum samskiptum, að gera til skiptis og setja sig í spor annarra.

Kennið eftirhermu, bæði í orði og leik.

Gefið vísbendingar um viðbrögð í ýmsum aðstæðum, t.d. ef allir aðrir standa upp, skalt þú líka standa upp.

Brjótið félagslegar aðstæður upp í einingar. Notið sjónrænar vísbendingar eftir þörfum.

Nýtið styrkleika nemandans til að vekja áhuga á félagslegum samskiptum eða gefið honum tækifæri til að láta ljós sitt skína. Margir nemendur á einhverfurófi hafa gott skopskyn, hafa ástríðu fyrir tónlist, afburða minni svo dæmi séu tekin.

Veldu félag sem býr yfir góðri félagsfærni til að vera fyrirmynd fyrir nemandann. Reyndu að stuðla að því að nemandinn eignist vini sem eru félagslega sterkir án þess að þeir verði "kennarar". Samskiptin þurfa að vera á eins miklum jafningjagrunni og mögulegt er.

Þjálfaðu nemandann og vini í skipulögðum aðstæðum. Vertu búinn að skilgreina væntingar fyrirfram (t.d. kenndu fyrst nauðsynlega færni eins og að spila ákveðinn leik maður á mann og fáðu svo nemandann og félag hans til að spila sama leik).

Skipuleggðu leikaðstæður í frímínútum.

Þegar nemendur vinna saman í hópi, skilgreindu hlutverk nemandans á einhverfurófi í hópnum.

Leiðbeindu vinum hans og samnemendum um hvernig þeir geti sem best stutt hann.

Notaðu myndbandsupptökur til að kenna félagsfærni.

Notaðu teiknimyndasögur og stuttar sögur til að lýsa og skýra félagslegar reglur og væntingar.

Kenndu nemandanum á einhverfurófi að sýna félögum sínum þegar hann er að hlusta.

Kenndu nemanda sem hefur gott vald á töluðu máli að átta sig á hve mikið og hvenær viðeigandi er að hann tali um sjálfan sig eða sín áhugamál. Kenndu honum dæmi um efni sem getur verið ákjósanlegt til að ræða um við aðra og að taka eftir hvort viðmælandinn hefur áhuga eða ekki. Einnig að taka eftir líkamsmáli viðmælandans og svipbrigðum.

Kenndu félagsleg mörk og hvað þú ættir ekki að tala um (eða við hvern þú ættir að tala um viðkvæm efni) og einnig að kenna um persónulegt rými (lengd á handlegg er oft notuð sem mælikvarði á bil milli tveggja einstaklinga).

Notaðu Félagshæfnisögur Carol Grey til að skýra félagslegar aðstæður (sjá hér á eftir)

Notaðu Teiknisögusamtöl (sjá hér á eftir)

Notaðu "Social Thinking" og CAT- kassann (sjá hér á eftir)

## **Frekari upplýsingar:**

Vefsíða Carol Gray:

[www.carolgraysocialstories.com](http://www.carolgraysocialstories.com)

CAT-kassinn:



[www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com)

Vefsíða Michelle Garcia Winner:



[www.socialthinking.com](http://www.socialthinking.com)

Teiknisögusamtöl (e.Comic Strips Conversations):

[www.autism.org.uk/about/strategies/social-stories-comic-strips.aspx](http://www.autism.org.uk/about/strategies/social-stories-comic-strips.aspx)



Hægt er að panta bækur Carol Gray á [www.amazon.com](http://www.amazon.com)



Bækur Michelle Garcia Winner má panta á: [www.socialthinking.com](http://www.socialthinking.com)

## Félagshæfnisögur

Carol Gray er höfundur að félagshæfnisögum (e. Social Stories™). Hún hóf að skrifa félagshæfnisögur árið 1991 og hefur síðan þá þróað aðferðina og gefið út leiðbeiningar um hvernig sögurnar eru skrifaðar, byggðar á eigin reynslu og viðbrögðum frá öðrum höfundum og notendum.

Við kynntumst félagshæfnisögum fyrst árið 1995, þegar Sigrún sótti ráðstefnu í Bandaríkjunum þar sem aðferðin var kynnt. Hún kenndi síðan okkur, samkennurum sínum við *Sérdeild fyrir einhverf börn* í Digranesskóla, aðferðina. Við byrjuðum strax að skrifa félagshæfnisögur handa nemendum okkar og fundum fljótt hve þessi aðferð var gagnleg og hjálpaði mörgum nemendum okkar að skilja félagslegar aðstæður betur. Það leiddi síðan oft af sér betri líðan og minna varð um erfiða hegðun. Erfið hegðun er mjög oft vegna þess að nemendur vita ekki hvað er á seyði eða hvað sé í vændum. Þó svo að markmið með félagshæfnisögum sé aldrei að draga úr erfiðri hegðun, leiðir betri skilningur á umhverfinu og væntingum oftast af sér betri líðan og dregur þ.a.l. úr erfiðri hegðun. Alla tíð frá 1995 höfum við fylgst með Carol Gray og hvernig aðferðin hefur þróast, við höfum nokkrum sinnum hlustað á fyrirlestra hennar á ráðstefnum erlendis, lesið bækur hennar og fylgst með á vefsíðunni.

Allir, sem þekkja vel nemanda á einhverfurófi, geta skrifað og notað félagshæfnisögur eftir að hafa tileinkað sér aðferðina. Mikilvægt er að fara vel eftir reglum um gerð félagshæfnisagna og klæðskerasníða þarf sögurnar að hverjum og einum.

Í bók sinni: *The New Social Story™ Book* sem kom út árið 2010, kom Carol Gray með ítarlegri leiðbeiningar um gerð félagshæfnisagna en áður. Á heimasíðunni eru síðan endurskoðaðar leiðbeiningar frá 2014 og hér á eftir fer þýðing á þeim.

En áður en farið er í leiðbeiningarnar er rétt að líta á eina félagshæfnisögu úr bókinni:

### ***Hvað þýðir að æfa sig?***

*Nemendur læra margt gagnlegt í skólanum. Þeir læra að lesa. Þeir læra líka stærðfræði, skrift og stafsetningu. Ein leið fyrir nemendur að læra er að æfa sig.*

*Stundum biðja kennarar nemendur að æfa sig. Að æfa sig er að gera sama hlutinn vandlega aftur og aftur.*

*Þegar nemendur læra að leggja saman, æfa þeir sig með því að reikna mörg dæmi.*



*Þegar nemendur læra að skrifa, æfa þeir sig með því að skrifa hvern staf oft og mörgum sinnum.*

*Þegar nemendur læra að stafsetja rétt, æfa þeir sig með því að skrifa orðin aftur og aftur.*

*Þegar nemendur æfa sig, læra þeir margt nýtt. (bls. 186)*

## **Leiðbeiningar Carol Gray frá árinu 2014:**

1. **Markmið með félagshæfnisögu.** Höfundur fylgir fyrirfram ákveðnu vinnulagi í þeim tilgangi að gefa nákvæmar upplýsingar sem eru lýsandi, merkingarbærar og líkamlega, félagslega og tilfinningalega öruggar fyrir viðtakandann.

2. **Tvenns konar upplýsingaöflun.** Höfundurinn aflar upplýsinga annars vegar í þeim tilgangi að 1) auka eigin skilning á hvernig viðtakandi sögunnar skilur aðstæður, hæfni hans og málskilning og 2) til að afmarka efni sögunnar og ákveða áherslur. A.m.k. helmingur allra félagshæfnisagna eiga að vera á jákvæðum nótum, um eitthvað sem viðtakandi er góður í.

3. **Þrjú hlutar og titill.** Félagshæfnisaga hefur **titil og inngang** sem segja til um innihald sögunnar, **meginmál** sem bætir við textann og **niðurstöður** þar sem áherslur í sögunni eru teknar saman.

4. **Framsetning** sögunnar er klæðskerasniðin að þörfum viðtakandans hvað varðar getu, athygli, námsstíl og alltaf þegar mögulegt er - tengd hæfileikum og/eða áhugamálunum.

5. **Fimm þættir ráða tóninum og orðanotkun** í félagshæfnisögu. Sagan er skrifuð á jákvæðan og styðjandi hátt og orðanotkunin tekur mið af: 1) skrifuð í 1. eða 3. persónu; 2) þátíð, nútíð eða framtíð; 3) skrifuð á jákvæðan hátt; 4) bókstaflegur skilningur hafður í huga; 5) nákvæm framsetning.

6. **Sex tegundir spuringa einkenna félagshæfnisögu:** Sagan svarar "HV" spurningum sem lýsa innihaldi, þ.m.t. staðsetningu (HVAR), spurningum varðandi tíma (HVENÆR), viðkomandi persónur (HVER), mikilvægum vísbendingum (HVAÐ), viðfangsefnum, hegðun eða fullyrðingum (HVERNIG) og ástæðum (HVERS VEGNA).

7. **Tegundir setninga.** Félagshæfnisaga samanstendur af lýsandi setningum, ásamt viðeigandi leiðbeinandi setningum þegar við á. Lýsandi setningar lýsa viðfangsefninu á nákvæman og hlutlausan hátt.

8. **Formúla fyrir félagshæfnisögur** tryggir að sérhver saga lýsir meira en hún leiðbeinir.

9. **Fínpússa.** Alltaf þarf að endurskoða og fínpússa texta sögunnar til að hún standist allar reglur um félagshæfnisögur.

## 10. Tíu skref við gerð félagshæfnisögu:

Hafa skilning í huga.

Hvað getur stutt við söguna?

Endurskoða textann.

Kynna á jákvæðan hátt.

Skoða viðbrögð.

Skipuleggja sögurnar.

Breyta og bæta til að búa til hugtök.

Endurskoða textann til að tengja saman þátíð, nútíð og framtíð.

Breyta fyrirmælum í hrós.

Fylgjast með rannsóknum á félagshæfnisögum og endurskoðun.

Skoðum nánar hinar mismunandi setningar sem geta verið í félagshæfnisögu:

**Lýsandi setningar** eru helstu setningar í félagshæfnisögu og þær einu sem verða að vera í sögunum, allar aðrar gerðir setninga eru valkvæðar. Lýsandi setningar eru um staðreyndir, þær lýsa aðstæðum, athöfnum, hugtökum á eins hlutlausan hátt og mögulegt er.

Dæmi um lýsandi setningar:

*Mistök er svar, hugmynd eða athöfn yfir eitthvað rangt. Þegar einhver segir eða gerir eitthvað sem er ekki rétt, gerir hann mistök.*

*Mistök eru hluti af því að vera til. Það er allt í lagi.*

**Viðhorfssetningar** eiga við ástand einhvers, hvað hann veit, hvað hann hugsar, finnur, trúir, hvað skoðanir hann hefur o.s.frv. Þær eiga oftast við um hvernig öðru fólki líður.

Dæmi um viðhorfssetningar:

*Stundum veit fólk að það hefur gert mistök.*

*Flestir reyna að svara spurningum rétt.*

**Leiðbeinandi setningar** fjalla um æskilega hegðun eða viðbrögð. Þær þarf að nota með gát. Setningar sem hefjast á *ég ætla að reyna* eða *ég ætla að vinna að því*, setja pressu á viðkomandi en leiðbeinandi setningar geta líka verið um val: *ég get valið að, kannski ákveð ég að...*

Dæmi um leiðbeinandi setningar:

*Ég ætla að reyna að...*

*Ég get valið að...*

*Mamma verður með mér...*

*Mamma og pabbi hjálpa mér að...*

**Jákvæðar setningar** geta verið hluti af félagshæfnisögu. Þær fjalla oft um sameiginleg gildi eða skoðanir. Hlutverk þeirra er að leggja áherslu á eitthvað sem telst mikilvægt og æskilegt og koma oftast í kjölfar lýsandi, viðhorfs og leiðbeinandi setninga.

Dæmi um jákvæðar setningar:

*Nemendur standa oftast í röð þegar þeir koma í matsalinn. Það er mjög mikilvægt.*

*Stundum þarf kennarinn á fara á fund. Það er allt í lagi. Þá ...*

**Ófullgerðar setningar** eru þannig að nemandinn lýkur við setninguna. Þær geta hjápað til að átta sig á hvort nemandinn skilur innihald sögunnar eða til að hvetja hann til að ákveða eigin viðbrögð.

Dæmi um ófullgerðar setningar:

*Við förum oft í regnföt þegar rignir. Það hjálpar til að halda okkur \_\_\_\_\_.*

*Gjafapappír felur gjöfina og hjálpar til að gera hana \_\_\_\_\_.*

**Formúla félagshæfnisögu** kveður á um að sérhver saga lýsi frekar en að hún leiðbeini.

Meira en helmingur setninga í félagshæfnisögu eiga að vera lýsandi setningar. Það þýðir að lýsandi, viðhorfs og jákvæðar setningar eru ráðandi meðan leiðbeinandi setningar þarf að takmarka. Þetta er lykilatriði við gerð félagshæfnisagna.

Heimildir:

Carol Gray. 2010. *The New Social Story™ Book*. Arlington, USA. Future Horizons).

*Carol Gray on YouTube explaining Social Stories:*


<https://www.youtube.com/watch?v=vjllYYbVlrl>

[Carol Gray's website: www.carolgraysocialstories.com](http://www.carolgraysocialstories.com)

## Teiknisögusamtöl

Carol Gray, höfundur félagshæfnisagna, er einnig höfundur teiknisögusamtala. Í bók sinni: *Comic Strips Conversations*, frá 1994, greinir hún frá aðferðinni og gefur dæmi um hvernig hún er notuð. Aðferðin byggist á þeirri trú að sjónrænn stuðningur og það að sjóngera hlutina, komi nemendum á einhverfurófi til góða. Þetta eru samræður milli tveggja eða fleiri einstaklinga og teiknað er meðan talað er. Þetta eru einfaldar teikningar sem eru til útskýringar á því sem rætt er um; við teikum meðan við tölum saman.

**Teiknisögusamtöl geta auðveldað nemendum á einhverfrófi að skilja hugtök sem þeim reynast erfið. Teiknað er samhliða samtalinu og teikningarnar eiga að gera félagslegar aðstæður skiljanlegri.**



Þegar rætt er saman með teiknisögusamtalsaðferðinni, ræður nemandinn ferðinni með aðstoð þess fullorðna, sem hefur það hlutverk að vera til stuðnings og leiðsagnar.

Samtölin byrja oftast á einhverju almennu, t.d. að tala um veðrið, meðan notendur læra á og venjast aðferðinni og æfa sig að teikna meðan talað er. Í framhaldinu getur sá fullorðni spurt ýmissa spurninga um eitthvað ákveðið efni eða einhvers konar félagslegar aðstæður. Nemandinn svarar með því að tala og teikna/skrifa.

Hægt er að nota liti til að tjá tilfinningar eða hugsun þeirra sem rætt er um til að hjálpa nemandanum að skilja betur sjónarmið annarra.

Í flóknum aðstæðum eða þegar fólk á erfitt með að segja frá atburðaröð, er hægt að vera með blað sem búið er að skipta niður í hólf/kassa og þannig er hægt að raða atburðum í rétta röð og jafnvel setja númer á kassana.

Áður en samtalinu lýkur, er gott að fara til baka og draga saman það helsta úr samtalinu. Að því loknu er hægt að ræða frekar um vandamál eða hugleiðingar sem fram komu í samtalinu. Því næst er hægt að gera áætlun um hvernig leysa megi svipuð vandamál í framtíðinni. Þetta getur orðið leiðbeinandi fyrir nemandann síðar.

Teiknisögusamtöl má líka nota til að undirbúa aðstæður sem geta valdið ótta eða áhyggjum, t.d. próf eða erfiðar félagslegar aðstæður. Hafa þarf þó í huga að áætlanir geta breyst svo gera þarf ráð fyrir óvæntum uppkomum (Carol Gray, 1994).

### Reynsla okkar af teiknisögusamtölum:

Við höfum aðallega notað þessa aðferð með ungu fólki á einhverfurófi, á aldrinum 16-20 ára. Þá höfum við líka notað aðferðina með grunnskólanemendum sem ekki eru á einhverfurófi, þegar upp hafa komið árekstrar milli nemenda.


Kostir teiknisögusamtala eru að okkar mati þessir:

Athyglin beinist að teikningunum, ekki augnsambandi, sem getur reynst nemendum á einhverfurófi erfitt.

Aðferðin hægir á samtölum, sem verður til þess að nemendur fá mikilvægan tíma til að hugsa og skipta athyglinni frá einu efni til annars.

Við getum geymt teiknisögusamtölin í möppu, þannig að auðvelt er að rifja þau upp síðar (mikilvægt að skrifa dagsetningu hvers samtals á blaðið).

Okkur hefur reynst betur að nota fá tákni frekar en mörg, svo við höfum einfaldað aðferðina. Við notum talblöðrur fyrir orð, ský fyrir hugsanir og hjörtu fyrir tilfinningar. Fólk teiknum við með Óla prik - aðferðinni.



Dæmi um teiknisögusamtal með einföldum táknum

Heimildir:

Carol Gray. 1994. *Comic Strips Conversations*. Jenison Public Schools, Jenison, Michigan. USA).

<http://www.qe2cp.westminster.sch.uk/attachments/download.asp?file=266&type=pdf>

<https://www.derby.gov.uk/media/derbycitycouncil/contentassets/documents/sendlocaloffer/comicstrip-conversations-booklet.pdf>

## CAT kassinn (Cognitive Affective Training)



CAT kassinn var upphaflega þróaður í Danmörku með börn og ungmenni með Asperger heilkenni í huga. Höfundar eru dönsku sálfræðingarnir Kirsten Callesen og Annette Møller Nielsen í samvinnu við dr. Tony Attwood, ástralskan sálfræðing.

Cat kassinn hefur reynst mikilvægt hjálpartæki fyrir foreldra, kennara og aðra sérfræðinga sem vinna með börnum og ungmennum í þeim tilgangi að þau öðlist betri sjálfsvitund, sjálfsöryggi, finni leiðir til að stjórna eigin hegðun og eiga í félagslegum samskiptum.

CAT kassa gögnin má auðveldlega nota með öðrum aðferðum þegar unnið er með börnum almennt, svo og börnum á einhverfurófi, með ADHD eða aðrar raskanir í taugabroska.

Á Íslandi og Norðurlöndunum er CAT kassinn notaður í skólum, í sérkennslu, á stofnunum og í sálfræðimeðferð.

Við, höfundar þessarar verkfærakistu, þýddum CAT kassann á íslensku árið 2005 og höfum alla tíð síðan þá haldið reglulega námskeið um notkun hans fyrir fagfólk og foreldra, ásamt því að nota sjálfar kassann við okkar vinnu með börnum og ungmennum. Kassinn hefur reynst okkur gagnlegur til að efla félagslegan skilning og til að ræða um tilfinningar og líðan. CAT kassinn er til mjög víða í skólum og stofnunum á Íslandi.

Árið 2017 þýddum við svo CAT appið á íslensku, en það er selt í áskrift á heimasíðu CAT.

Allar frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunni; [www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com). Með því að smella á íslenska fánann fást allar upplýsingar á íslensku.

Heimildir:

[www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com)



## 4. Að skipuleggja námsaðstæður

Hugmyndir TEACCH um námsaðstæður hjá nemendum á einhverfurófi eru eftirfarandi:

1. TEACCH líkanið miðar að því að undirbúa allt fólk á einhverfurófi fyrir virka þátttöku í samfélaginu. Sérhver einstaklingur á einhverfurófi á að fá kennslu með það að markmiði að verða virkur samfélagsþegn með eins fáum hindrunum og mögulegt er.
2. Ákvarðanir um staðsetningu í skólakerfinu skulu teknar með það að leiðarljósi að eins fáar hindranir séu í umhverfinu og mögulegt er. Engum nemanda á einhverfurófi á að vera vísað frá námsumhverfi á ónauðsynlegan eða óviðeigandi hátt. Samt sem áður þarf að hafa hugfast þegar námsumhverfi er skipulagt að nemandinn þrífist þar og að virkt nám geti farið fram.
3. Viðfangsefni nemandans skulu ákveðin út frá mati á hæfileikum hans og getu ásamt mati á þátttöku hans og virkni. Þátttaka nemandans í almennum bekk þarf að vera fyrirfram skipulögð og vel undirbúin og oft þarf að vera aðstoðarmaður sem hefur sérþekkingu á einhverfu og getur veitt viðeigandi aðstoð og metið aðstæður hlutlægt.
4. Öllum nemendum á einhverfurófi skal standa til boða full þátttaka í almennum bekk, svo framarlega sem þær aðstæður henta nemandanum. Þátttaka að hluta til getur verið kostur fyrir suma nemendur og sérdeildir og sérskólar geta verið valkostur fyrir aðra nemendur.

Nemendur á einhverfurófi eru ef til vill þátttakendur í sumum kennslustundum innan almenna skólans en ekki öðrum. Þeim nemendum sem ekki eru með greindarskerðingu hentar oft vel að vera með í bóklegum greinum í almennum bekk en geta þurft á sértækari úrræðum að halda í minna skipulögðum aðstæðum.

Í sumum tilvikum má skipuleggja jafningjastuðning eða annars konar stuðning. Nemendur með alvarleg einhverfueinkenni og hegðunarerfiðleika geta verið í almennu úrræði með viðeigandi stuðningi frá fullorðnu aðstoðarfólki. Til að vel takist til með að nemendur á einhverfurófi séu í almennum bekk, þarf að taka tillit til hvernig þeir hugsa og skynja umhverfi sitt.

Vegna þess að nemendur á einhverfurófi geta verið ofurviðkvæmir fyrir skynáreitum í umhverfinu, getur það gerst að áreitinn verði yfirþyrmandi og truflandi. Viðbrögð geta verið annars vegar að kúpla sig frá aðstæðum eða lýst sér í ákveðinni hegðun. Það er ef til vill eina leið nemandans til að tjá sig um líðan sína og þarfir.

Til að tryggja að allir nemendur, óháð aldri, séu sem best undirbúnir fyrir að hefja nám í nýjum bekk eða nýjum skóla, þarf að kynna þeim aðstæður fyrirfram.

Þetta er einkum mikilvægt vegna þess hve þeir eru oft viðkvæmir fyrir breytingum. Skipuleggið heimsókn í skólann utan skólatíma. Látið foreldrum í té myndir af húsnæðinu og af helsta starfsfólki. Þegar heimsóknin fer fram, æfið sömu leið og nemandinn kemur til með að nota (inngang, fara á klósettið, fatahengi) og leyfið nemandanum að labba um og skoða aðstæður. Skipuleggið fleiri heimsóknir ef þörf er á.

- Þegar farið er frá einu svæði til annars, þurfa sumir nemendur á því að halda að vera með miða sem minnir þá á hvert þeir eru að fara og líka til að hafa eitthvað að handfjatla.
- Skrifaðu á miðann eða settu mynd á hann sem segir hvert skal halda.

### Samkomur

- Oftast erfiðar fyrir nemendur á einhverfurófi.
- Sumir vilja frekar fá að sleppa þeim.
- Reyndu umbun til að fá nemandann til að vera með á samkomum (t.d. að fá að fara í tölvu á eftir).
- Það getur skipt máli hvers konar samkomu um er að ræða.
- Leyfðu nemandanum að sitja út á enda í sætaröð.

### Matsalur

- Oftast þarf nemandinn einhverja aðstoð.
- Stundum þarf að afmarka svæðið þar sem nemandinn matast, t.d. með skilrúmi.
- Sumir þurfa að fá að matast á rólegra svæði.

### Líkamsstaða

- Persónulegt svæði.
- Sitja rétt.
- Fara í röð
  - breyta röðum reglulega
  - kenna hvernig best sé að standa í röð (fætur kyrrir, hendur með hliðum).

## Munnleg fyrirmæli

Þrjár gullnar reglur varðandi munnleg fyrirmæli:

1. Talaðu einfalt mál.
2. Vertu nákvæmur í orðavali.
3. Talaðu beint við nemandann.

## Vinnusvæði

- Í skólum þar sem nemendur á einhverfurófi eru í almennum þekk, þarf að sjá til þess að þeir eigi útgönguleið úr erfiðum aðstæðum, einhvern rólegan stað sem þeir geta farið á.
- Það gerir það að verkum að nemandinn á betur með að einbeita sér að verkefnum.
- Sumir nemendur þurfa bara að eiga kost á að fara á rólegt svæði þegar þeir eru að vinna verkefni sem reynast þeim erfið.
- Hafðu eins fáa hluti á vinnusvæðinu og mögulegt er.
- Sumum nemendum hentar að hafa bara þá hluti sem þeir eru að vinna með hverju sinni.
- Aðrir þurfa sjónrænt skipulag, bakka fyrir verkefni o.s.frv.

## Nauðsynlegt á vinnusvæði:

- Nafnspjöld.
- Ílát fyrir verkefni.
- Sjónræn stundatafla.
- Verkefni.
- TEACCH kerfið!
- Nemendum hentar yfirleitt betur sjónrænt kerfi en munnleg fyrirmæli.
- Ef þú getur séð það, snertu það, það hlýtur að vera raunverulegt!
- Dæmi:

tímaklukkan  
STOPP spjöld  
svæði til að skipta um föt  
leiksvæði  
að biðja um aðstoð

## Námsgreinar:

### Móðurmál

- Þegar skrifa skal sögu, finnst sumum nemendum betra að teikna fyrst mynd af því sem gerist í sögunni.
- Sumum nemendum hentar að segja fullorðnum aðstoðarmanni söguna, sem síðan skrifar fyrir nemandann.
- Notið blöð og tímarit til að finna upphaldsefni nemandans.

## Saga

- Notið myndefni til að styðja við það sem sagt er.
- Setjið raunhæf markmið.
- Heimsóknir í skóla eða á söfn þarf að undirbúa vandlega:
  - myndir, félagshæfnisögur o.fl.

## Íþróttir

- Þegar kenna á nýja íþróttagrein, þarf að brjóta ferlið niður í smærri þrep.
- Munið eftir að sumir eiga erfitt með líkamlega snertingu.
- Sumir nemendur þurfa etv. aðstoðarmann.
- Kennið leikreglur (Félagshæfnisögur).
- Sýnið vídeó af því sem á að gera.

## Stærðfræði

- Notið áhugamál nemandans þegar við á, t.d....
  - kenna lengdareiningar; 10 lög á geisladiski eru heild meðan eitt lag er einn tíundi eða 0.1
- Notið sjónrænar vísbendingar
  - talnagrind, stærðfræðireglur, peningar o.s.frv.
- Notið ápreifanlega eða æta hluti þegar þið kennið meira og minna og deilingu.
- Notið áhugamál nemandans alltaf þegar mögulegt er
  - Dæmi: Ef nemandinn hefur áhuga á Bandaríkjaforsetum, reiknið hæð hvers þeirra með því að breyta úr fetum í sentimetra.

## Listgreinar

- Munið að sumir nemendur eru viðkvæmir fyrir ákveðnum eignum (áferð, lykt o.s.frv.).
- Það getur verið nauðsynlegt að skipta um efni.
- Margir eiga erfitt með að velja, takmarkið þá úr hve miklu á að velja.

## Eigin umhirða

- Snemmtæk íhlutun, í fullu samráði og samvinnu við foreldra, er mikilvægust þegar fengist er við að kenna barninu eigin umhirðu.
- Að kenna eigin umhirðu er ekki síður mikilvægt markmið í einstaklingsnámskrá en önnur námsmarkmið.
  - brjótið í viðeigandi þrep
  - hugið að málnotkun
  - notið sjónrænar vísbendingar eftir þörfum
- Aðstoð félaga.

- Húsið stundum erfiða hegðun.
- Skrifaðar leiðbeiningar, skref fyrir skref ef þörf er á.
- Sjónrænt kerfi á baðherberginu.
- *Maður á mann* aðstoð ef þarf.

## Heimavinna

- Margir nemendur á einhverfurófi mótmæla heimavinnu
- Ljúkið heimavinnu í skólanum ef mögulegt er
- Sjónrænt skýrt hvað á að gera
- Samvinna við foreldra - aðstoð ef þörf er á
- Er heimavinnan nauðsynleg?

Bandarískur talmeinafræðingur, Linda Hodgdon, hefur skrifað leiðbeiningar í 11 liðum um hvað sé nauðsynlegt að hafa til staðar í bekk til að nemanda á einhverfurófi farnist sem best. Hægt er að nota listann sem gátlista:

Við vitum að meirihluti nemenda á einhverfurófi (og margir fleiri) læra á sjónrænan hátt (e. visual learners). Þess vegna er mikið af sjónrænum vísbendingum á þessum lista.

### 1. Myndavél

Myndavél er etv. eitt mikilvægasta boðskiptatækið. Taktu myndir af öllu. Notaðu þær í símanum eða prentaðu út eftir þörfum. Notaðu myndirnar til að hefja samræður, til að útskýra eða til að minna nemandann á hvað hann þarf að taka með sér í skólann á morgun.

### 2. Dagatal

Hafðu dagatal uppi á vegg, í minnisbók eða í símanum. Dagatalið er mikilvægt hjálpartæki til að átta sig á tíma.

### 3. Stundaskrá

Stundaskrá yfir daginn er mikilvægt hjálpartæki vegna þess að hún gerir nemandanum auðveldara með að fylgja daglegri rúttínu.

### 4. Fyrirsjáanleg rúttína

Fyrirsjáanleiki er ekki það sama og að ekki megi breyta. Rúttínan eykur öryggi og dregur úr kvíða sem leiðir af sér betri hegðun og líðan. Myndavélar, dagatöl og stundaskrár eru afar gagnleg hjálpartæki sem auðvelda nemandanum að skilja þegar eitthvað breytist eða þegar eitthvað nýtt á að fara fram.

### 5. Griðastaður / undankomuleið (ekki refsing)

Stundum eru áreiti í umhverfinu yfirþyrmandi. Ástæður þess geta verið margar. Við slíkar aðstæður getur nemandi misst algera stjórn á hegðun sinni.

Við tölum stundum um *einhverfuprumu* (e. melting down). Við slíkar aðstæður fara þeir fullorðnu stundum að tala allt of mikið í þeim tilgangi að róa nemandann. Þess í stað ætti markmiðið að vera að kenna nemandanum að nota ákveðinn griðastað / eiga undankomuleið, þar sem ríkir ró og friður og hægt er að ná jafnvægi á ný.

## 6. Sjónræn hjálpartæki

Myndir, hlutir, skrifaður texti og allt annað sem er SJÓNÆNT er notað til að styðja boðskipti. Dagatalið og stundataflan eru bara tvenns konar tæki. Sjónrænt umhverfi býður upp á fleiri möguleika sem koma nemandanum til góða.

## 7. Minnisblað og blýantur

Sama hversu vel við skipuleggjum allt fyrirfram, þá verða alltaf óvænt atvik. Okkur hættir þá stundum til að útskýra munnlega en það gerir oft illt verra, einkum ef nemandinn er óöruggur. Munið þá að nota frekar blað og blýant til að útskýra, það getur gert gæfumuninn.

## 8. Gott vinnuumhverfi

Hver nemandi hefur sínar sérstöku þarfir. Hafið í huga skynáhrif eins og hljóð, sjón eða snertingu. Hafa þarf í huga stærð rýmis, húsgögn og uppröðun þeirra. Hvað getur truflað viðkomandi nemanda eða haft áhrif á árangur hans?

## 9. Skipulag vinnusvæðis

Hafið vinnusvæði merkt svo nemandi viti hvert á að fara, hvað á að gera og hvað tilheyrir hverju svæði. Gangið úr skugga um að þeir hlutir sem eiga að vera á hverjum stað séu þar og að nemandinn þekki vinnuferlið.

## 10. Reglur

Hverjar eru reglurnar? Það þurfa allir að vita. Ekki er gott að vera með of margar reglur. Sumar reglur eru bundnar við ákveðin svæði. Veldu hvaða reglur skipta mestu máli, gerðu þær sýnilegar og útskýrðu. Tímaklukkur, símar eða úr með tímaklukkku, klukka í iPad eða tölvu geta komið að gagni.

## 11. Boðskipti sem virka

Starfsfólk sem notar fjölbreyttar boðskiptaleiðir auðveldar nemendum á einhverfurófi að ná árangri. Áhrifaríkast er að *sýna* í stað þess að *segja*.

Þessar 11 ábendingar geta komið að gagni í öllum bekkjum þar sem nemendur á einhverfurófi eru. Flestar þeirra eru um skipulag, hvernig við skipuleggjum umhverfið og hvernig við sjongerum það sem fram fer.

## **Ábendingar til þeirra sem kenna nemendum á einhverfurófi án þroskahömlunar (e. High Functioning)**

- 1. Fólk á einhverfurófi á í erfiðleikum með að skipuleggja gerðir sínar**, óháð greind eða aldri. Jafnvel nemandi sem fær hæstu einkunnir og hefur “myndavéla” minni getur átt erfitt með að muna að taka blýant með sér í myndmenntartíma eða að muna hvenær skilafrestur á verkefni rennur út.

### **Hvað er til ráða:**

- Setja mynd af blýantinum á möppuna eða vinnubókina.
- Skrifaðar reglur um hvað þarf að muna að taka með hverju sinni.
- Hrósa nemandanum alltaf þegar hann man að taka eitthvað með sér sem hann hefur áður gleymt.
- Sleppa því að ávíta hann þegar hann gleymir, það gerir vandamálið erfiðara. Hann getur þá farið að trúá að hann geti ekki munað eftir ákveðnum hlutum.

### **2. Erfiðleikar með huglæga hugsun.**

- Notið sjónrænar vísbendingar, teikningar eða skrifuð orð til að skýra huglæga hluti.
- Forðist að spyrja spurninga eins og; „hvers vegna gerðirðu þetta?“. Segið frekar: „Mér líkaði ekki þegar þú hentir bókinni frá þér þegar ég sagði þér að fara í leikfimitíma. Reyndu næst að leggja bókina rólega frá þér og segja mér að þú sért reiður. Varstu að reyna að segja mér að þú vildir ekki fara í leikfimi eða að þú vildir ekki hætta að lesa?“
- Vertu eins nákvæmur og þú getur í öllum samskiptum þínum við nemandann.

- 3. Auknir hegðunarerfiðleikar eða sérkennileg hegðun getur verið merki um aukna streitu.** Streita er stundum afleiðing þess að nemandinn finnur að hann hefur ekki tök á aðstæðum sínum. Stundum hverfur streitan ef nemandinn fær tækifæri til að fara í burtu frá erfiðum aðstæðum. Ef þessar aðstæður koma upp, þarf nemandinn að hafa reglur um hvernig hann getur farið í burtu og hvenær hann getur komið inn aftur. Hann þarf að eiga útgönguleið.

- 4. Taktu hegðunarerfiðleika nemandans ekki til þín persónulega.** Nemandinn er ekki að reyna að ögra þér. Nemendur á einhverfurófi eru sjaldan færir um að ögra meðvitað. Erfið hegðun er venjulega merki um að nemandinn er í aðstæðum sem eru illskiljanlegar, hann veit ekki hvað á að gera eða er hræddur. Fólk á einhverfurófi er vegna eðlis fötlunarinnar sjálfsmiðað (egocentric). Flestir eiga í miklum erfiðleikum með að átta sig á viðbrögðum frá öðru fólki.

- 5. Notaðu talað mál bókstaflega.** Þangað til þú hefur áttað þig á hvað nemandinn skilur skaltu forðast:

- að nota orðatiltæki/málshætti
  - setningar sem innihalda tvíræða merkingu (flestin brandarar eru þess eðlis)
  - kaldhæðni (eins og að segja „gott hjá þér“ þegar nemandinn hefur hellt úr glasi á borðið).
6. **Mundu að svipbrigði og aðrar félagslegar vísbendingar hafa etv. ekki tilætluð áhrif.** Flestir nemendur á einhverfurófi eiga í erfiðleikum með að skilja og túlka svipbrigði og annað líkamsmál.
  7. **Ef nemandinn virðist ekki ráða við verkefni, bútaðu það þá niður í smærri þrep.** Kynntu verkefnið á mismunandi vegu: sjónrænt, munnlega, áþreifanlega.
  8. **Forðastu að tala of mikið.** Talaðu skýrt. Notaðu stuttar setningar ef þú finnur að nemandinn skilur þig ekki. Þó nemandinn heyri ágætlega og virðist sýna athygli getur hann samt átt í erfiðleikum með að skilja þig og ná því sem þú ert að reyna að segja.
  9. **Reyndu að undirbúa allar breytingar** sem verða á daglegum venjum eins og kostur er. Notaðu skriflegar leiðbeiningar til að útskýra væntanlegar breytingar.
  10. **Notaðu jákvæðar aðferðir** og aldursviðeigandi þegar þú reynir að breyta erfiðri hegðun.
  11. **Festa** í meðferð og viðmóti frá öllum sem umgangast nemandann er mikilvæg.
  12. **Mundu, að það sem okkur finnst eðlilegt magn hljóða eða sjónrænna áreita getur virkað á nemandann sem of mikið eða of lítið áreiti.** Sem dæmi er hljóðið í flúrljósum oft mjög erfitt fyrir nemendur á einhverfurófi. Íhugaðu vel allar breytingar í umhverfinu s.s. að fjarlægja sjónrænar vísbendingar úr skólastofunni eða breyta sætaskipan, ef þessar breytingar virðast hafa truflandi áhrif á nemandann.
  13. **Ef nemandinn endurtekur í sífelli sömu rökin eða sömu spurningarnar aftur og aftur þarftu að stöðva það sem getur orðið að þráhyggjuferli.** Að svara nemandanum með rökum eða deila við hann stöðvar sjaldan þessa hegðun. Umræðuefnið eða innihald spurninganna er ekki alltaf það sem truflar nemandann. Líklegra er að um sé að ræða óöryggi hjá nemandanum og það að hann hafi ekki vald á ákveðnum aðstæðum. Prófaðu að biðja nemandann að skrifa spurningu sína niður. Skrifaðu síðan svar þitt. Þetta róar nemandann venjulega og getur stöðvað þetta þráhyggjuferli. Ef þetta ber ekki árangur, skrifaðu þá niður það sem nemandinn er fastur í (rök/sömu spurningar aftur og aftur) og biðdu hann síðan að skrifa niður það svar sem hann vill fá. Þetta tekur athyglina frá munnlegu þráhyggjunni og getur gefið nemandanum vísbendingu um hvernig hægt sé að tjá



áhyggjur sínar eða hræðslu. Einn möguleiki til viðbótar er að fara í hlutverkaleik. Þá segir kennarinn það sem nemandinn er sífellt að staglast á og nemandinn það sem hann vill eða heldur að kennarinn segi.

- 14. Vegna boðskiptaerfiðleika nemenda á einhverfurófi má búast við að þeir eigi í erfiðleikum með að flytja skilaboð milli skóla og heimilis** eða ræða um það sem gerist á hinum staðnum. Þar af leiðandi eru mikil samskipti milli foreldra og kennara nauðsynleg. Þessi samskipti geta verið gegnum síma eða með samskiptabókum.
- 15. Ef kjósa á í lið innan bekkjarins**, notaðu þá annað hvort númer sem nemendur draga eða fáðu einhvern nemanda til að velja nemandann með einhverfu í lið. Þessir nemendur eru venjulega þeir sem síðast eru valdir þegar nemendur velja sjálfir.
- 16. Ekki gefa þér neitt fyrirfram þegar þú metur hæfni nemandans.** Nemandi með einhverfu getur verið stærðfræðisénííð í bekknum en etv. ófær um að nota peninga á einfaldan hátt. Eða hann getur haft ótrúlegt minni á það sem hann hefur lesið, endursagt ræður sem hann hefur heyrt eða tölur úr íþróttakeppnum en getur ekki munað að taka blýant með sér í aðra stofu. **Mismikil geta í hinum einstöku greinum er eitt af einkennum einhverfunnar.**

**Vertu jákvæður  
Vertu skapandi  
Vertu sveigjanlegur**

Susan Moreno and Carol O'Neal  
MAAP Services, Inc. (More Able Autistic Persons)  
Lausleg þýðing: Ásgerður Ólafsdóttir

Heimildir:

<http://usevisualstrategies.com/12-essentials-every-classroom-must-have-for-autism-aspergers-success/>. (sótt 16.11.2015)

<http://www.iidc.indiana.edu/pages/Tips-for-Teaching-High-Functioning-People-with-Autism> (sótt 1.12.2015)

<http://teacch.com/educational-approaches/inclusion-for-children-with-autism-the-teacch-position> ( sótt 26.11.2015)

Hér á eftir er spurningalisti sem er gagnlegur til að átta sig á líðan nemanda í skólanum og því hvort hann skilji þær reglur sem gilda:

## Spurningalisti um skipulag og aðlögun

(Veljið þær spurningar sem geta skipt máli fyrir nemandann)

### Á morgnana

1. Hvað er það fyrsta sem þú átt að gera þegar þú kemur í skólann á morgnana?  
\_\_\_\_\_
2. Þegar þú ert búin/n að því, hvað á þá að gera næst?  
\_\_\_\_\_
3. Hvernig veistu hvenær þú ert búin/n með það?  
\_\_\_\_\_
4. Það erfiðasta við að byrja í skólanum á morgnana er  
\_\_\_\_\_

### Reglur

5. Eru reglur fyrir nemendur í þínum bekk?  
\_\_\_\_\_
6. Eru reglur í stofunni? Hvaða reglur?  
\_\_\_\_\_
7. Hvaða reglur manstu?  
\_\_\_\_\_
8. Hvers vegna eru nemendur í bekknum þínum með þessar reglur?  
\_\_\_\_\_
9. Hvaða regla finnst þér best (eða skipta mestu máli)?  
\_\_\_\_\_
10. Hvaða reglur finnst þér að bekkurninn þinn ætti að hafa?  
\_\_\_\_\_
11. Eitt sem ég ætti aldrei að gera inni í bekk  
\_\_\_\_\_
12. Er regla í bekknum þínum að rétta upp höndina áður en maður spyr? Ef svo er, hvenær rétta krakkarnir upp höndina?  
\_\_\_\_\_
13. Ef þú réttir upp höndina þegar þú vilt tala við kennarann þinn, talar hann þá alltaf við þig?  
\_\_\_\_\_

## Kennarinn minn

14. Hvernig veistu þegar kennarinn þinn er bara að tala við þig?
- 
15. Hvernig veistu þegar kennarinn er að tala við allan bekkinn í einu?
- 
16. Hvernig veistu hvort kennarinn þinn er ánægður? Hvað gerir kennarinn þinn þá? Hvað segir hann?
- 
17. Hvernig veistu þegar kennarinn þinn er reiður? (Hvað gerir kennarinn þá? Hvað segir hann þá?)
- 
18. Hvað gerir kennarinn þinn reiðan?
- 
19. Hvernig veistu þegar kennarinn þinn er að segja eitthvað sem skiptir mjög miklu máli? (Hvað gerir kennarinn þinn þá? Hvað segir kennarinn þinn þá?)
- 
20. Hvernig veistu þegar kennarinn þinn er að grínast eða stríða? (Reyna að fá aðra til að hlæja?). Hvað gerir kennarinn þinn þá? Hvað segir hann þá?
- 
21. Kennarinn minn er ánægður þegar krakkarnir
- 
22. Hvað gerir kennarinn þinn til að láta ykkur vita að þið eigið að fara að læra?
- 
23. Eitt sem mér finnst mjög skemmtilegt við kennarinn minn er
- 

## Raðir

24. Hvenær fara allir krakkarnir í bekknum þínum í röð?
- 
25. Hvers vegna heldur þú að kennarinn vilji stundum að krakkarnir fari í röð?
- 
26. Hvernig veistu þegar þú áttu að fara í röð með hinum krökkunum í bekknum? (Hvað segir kennarinn þá? Hvað gerir hann þá?).
- 
27. Hvernig líður þér þegar þú stendur í röð?
- 
28. Finnst þér gaman að vera í röð í skólanum (Hvers vegna/hvers vegna ekki?)
- 
29. Hver er fyrstur í röðinni?
- 
30. Hvernig veistu hver er fyrstur í röðinni?
- 
31. Vildir þú vera fyrstur í röðinni, síðastur í röðinni eða einhvers staðar inni í röðinni?
-

32. Hvað á nemandi að gera ef tími er kominn til að fara í röð en hann er ekki búinn með verkefnið sitt?

---

33. Fer bekkurinn þinn einhvern tíma í röð úti?

---

### Frímínútur

34. Segðu mér frá frímínútunum?

---

35. Hvernig veistu hvenær frímínúturnar byrja?

---

36. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í frímínútum?

---

37. Hvað gera hinir krakkarnir í frímínútum?

---

38. Hvað finnst þér að þú ættir að gera ef frímínúturnar eru að byrja og þú ert ekki búin/n með verkefnið þitt?

---

39. Eru reglur í frímínútunum? Ef svo er, hvaða reglur?

---

40. Hvað er best við frímínútur?

---

41. Er eitthvað við frímínútur sem þér líkar illa? Geturðu sagt mér frá því?

---

42. Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur séð gerast í frímínútum?

---

43. Hvernig veistu hvenær frímínúturnar eru búnar?

---

### Að fá aðstoð

44. Hvernig veit kennarinn þinn þegar þú þarft aðstoð?

---

45. Ef nemandi í bekknum þínum þarf aðstoð, hvað ætti hann þá að gera?

---

46. Allir þurfa einhvern tíma aðstoð. Hvenær heldur þú að þú þurfir aðstoð?

---

47. Hvað getur þú gert til að aðstoða nemendur í þínum bekk?

---

48. Hverjir í bekknum geta aðstoðað þig þegar þú þarft aðstoð?

---

## Að skipta um verkefni

49. Hvað er það fyrsta sem þú gerir venjulega eftir fyrstu frímínútur á morgnana?

50. Hvað er það fyrsta sem þú gerir venjulega eftir hádegshléið?

51. Hvar setja nemendur verkefni sín þegar þeir eru búinir að vinna?

52. Ef nemandi er búinn með öll verkefni sín áður en tíminn er búinn, hvað getur hann þá gert?

## Vinir og bekkjarfélagar

53. Hvað þýðir orðið vinur?

54. Vinur er einhver sem .....

55. Áttu vini í bekknum þínum? Hvað heita vinir þínir?

56. Hvað á fólk við þegar það spyr: Ertu búin/n að eignast einhverja vini?

57. Mörgum í bekknum mínum líkar vel við .....

58. Ef mig langar að leika við einhvern, get ég .....

59. Eitt sem mér þykir skemmtilegt að gera með öðrum krökkum er .....

60. Nemendum þykir skemmtilegt að gera ýmsa hluti. Hér er listi yfir tíu hluti sem nemendum þykja skemmtilegir

1.	2.
3.	4.
5.	6.
7.	8.
9.	10.

61. Besti vinur er sá sem .....

Úr bók Carol Gray: *Taming the Recess JuNgLe* Socially simplifying recess for students with autism and related disorder, (1994) Jenison Public Schools.

## 5. Mat og einstaklingsnámskrá

### Mat

Í skipulagðri kennslu er gert ráð fyrir reglulegu mati og á því byggja markmið í kennslu hvað varðar þekkingu, virkni og sjálfstæði. Mat er ferli þar sem upplýsingum er safnað í þeim tilgangi að taka mikilvægar ákvarðanir um nemendur. Kennarar og annað fagfólk verða að safna upplýsingum víða að og nota til þess fjölbreyttar aðferðir, svo sem:

- Athugun (e. observations) við mismunandi aðstæður
- Stöðluð próf
- Greindarpróf
- Óformlegt mat
- Einkunnir og athugunarlistar
- Skipulögð viðtöl við foreldra, umönnunaraðila, kennara og aðra sem málið varðar
- Þroskasögu, greiningargögn
- Þegar um ung börn er að ræða, þurfa kennarar að gera athugun á nemandanum í eðlilegu námsumhverfi meðal jafnaldra.

Ekki er nauðsynlegt að notast alltaf við allar þessar aðferðir en kennarar ættu að velja því vandlega fyrir sér hvaða upplýsingum þeir þurfa á að halda og velja viðeigandi aðferðir til þess að afla þeirra.

Með **formlegu mati** er átt við stöðluð próf sem samin eru af sérfræðingum sem eru sérhæfðir í gerð og notkun slíkra prófa. **Óformlegt mat** er venjulega framkvæmt af kennurum og foreldrum og krefst ekki sérstakrar þjálfunar. Það eru athuganir sem krefjast ekki sérstakra gagna.

### Einstaklingsnámskrá

Setja þarf skýr, mælanleg markmið til að stuðla að árangri hjá nemanda á einhverfurófi, innan sem utan skólastofunnar. Einstaklingsnámskrá samanstendur af nokkrum markmiðum fyrir hina ýmsu þætti sem nemandinn þarf að takast á við.

Þegar námsmarkmið eru sett, er mikilvægt að þau uppfylli þessi skilyrði:

- **Mælanleg:** Yfirvöld skólamála þurfa að fá upplýsingar um námsframvindu nemandans svo mikilvægt er að markmiðin séu mælanleg.
- **Sértæk;** Ef námsmarkmið eru of almenns eðlis, er erfitt að uppfylla þau. Best er ef markmið í einstaklingsnámskrá eru mjög sértæk.
- **Gildi:** Markmiðin í einstaklingsnámskránni verða að vera sniðin að hverjum og einum nemanda, ekki nemendum á einhverfurófi almennt.

## **Þættir sem einstaklingsnámskrá þarf að ná yfir:**

### **Félagshæfni/Félagslegir erfiðleikar**

- Kennsluaðferðir í félagshæfni.
- Skilja félagsleg tákni/tilfinningar.
- Æskileg félagsleg viðbrögð, upphaf samskipta.
- Kenna félagslegar venjur.
- Margvíslegar aðferðir til að kenna félagshæfni.

### **Tilfinningar og tilfinningastjórnun**

- Efla vitund um líðan og tilfinningar.
- Kenna aðferðir til að takast á við ótta og erfiðar aðstæður.

### **Boðskipti og mál**

- Nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir þegar við á.
- Bæta smám saman við orðaforða í töluðu/rituðu máli.
- Kenna nemandanum að tjá sig.
- Skilja félagslega tjáningu (óyrð tjáskipti, hljómfall, raddstyrkur).
- Samræðutækni s.s. hvernig á að hefja og enda samræður, bregðast við merkjum frá viðmælanda, læra að skilja flóknari tjáskipti.

### **Skipulagning**

- Sjónræn hjálpartæki s.s. stundatöflur, listar, litamerkingar.
- Vinna sjálfstætt.
- Halda utan um gögnin sín.
- Læra hvenær á að biðja um aðstoð.
- Læra á lyklaborð og að nota tölvu.

### **Hegðun og skynjun**

- Vinna með erfiða hegðun og skynjunarvanda.
- Þjálfna nemandann í að fara frá einum stað til annars og geta tekist á við breytingar sem verða.

## Kenna sjálfshjálp

- Eins og með annað, þarf að nálgast viðgangsefnið á skýran og skipulagðan hátt.
- Reyna að nota áhugamál nemandans eins og kostur er.
- Hafa gott skipulag þegar þið kennið.
- Notaða útlínur/skrifuð fyrir mæli sem síðan er hægt smám saman að draga úr.
- Kenna nemendum að alhæfa, nota það sem lært er í mismunandi aðstæðum.
- Notaða sams konar hjálpartæki í skóla og á heimili.
- Framkvæma sömu athafnir á sama hátt en breyta til smám saman.
- Kenna við raunverulegar aðstæður eins og hægt er.

## Félagsleg markmið

Þessi félagslegu markmið geta átt við nemanda þinn, háð aldri og þroska. En þau má nota á leiðbeinandi hátt:

## Leikskólaaldur

### Nemandinn ræður við eftirfarandi atriði í fjórum af hverjum fimm skiptum:

- Nemandinn bregst við nafni sínu með því að líta í áttina að þeim sem talar.
- Nemandinn og annað barn eða fullorðinn gera til skiptis í þrígang.
- Nemandinn heldur athygli við leik í fimm mínútur eða lengur.
- Nemandinn leyfir kennaranum að blanda sér í leik með því að gera til skiptis eða flytja hlut.
- Nemandinn horfir í áttina að kennaranum þegar hann er beðinn eða til að fá umbun.

## Yngri bekkir grunnskóla

- Nemandinn virðir einkarými annars barns í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur lýst ástæðu fyrir þrenns konar félagslegum viðbrögðum, eins og að sýna viðeigandi borðsiði, segja "afsakið", segja "viltu gjöra svo vel", í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur skilgreint eigin líðan í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn heldur athygli þegar hann vinnur verkefni með félagi eða kennara í tíu mínútur eða lengur, í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn tjáir sig munnlega eða með öðrum aðferðum við félagi í leik eða öðrum athöfnum.



## **Miðstig grunnskóla, unglingastig og framhaldsskólanemar að 18 ára aldri**

### **Nemandinn ræður við eftirfarandi atriði í fjórum af hverjum fimm skiptum:**

- Nemandinn getur tjáð sig um það hvernig gerðir hans og hvað hann segir hefur áhrif á aðra nemendur.
- Nemandinn áttar sig á hvenær annar nemandi sýnir tilfinningaleg viðbrögð, eins og gleði, leiða, reiði o.fl..
- Nemandinn veit hvernig félagsleg samskipti ættu að eiga sér stað í þremur mismunandi aðstæðum.
- Nemandinn truflar ekki þá sem eru að tala.
- Nemandinn veit hvernig á að bregðast við öðrum nemanda sem sýnir tilfinningaleg viðbrögð.

### **Markmið varðandi boðskipti**

Þessi markmið er varða boðskipti geta hentað nemanda með einhverfu, að teknu tilliti til aldurs og þroska:

### **Leikskólaaldur:**

#### **Nemandinn ræður við eftirfarandi atriði í fjórum af hverjum fimm skiptum:**

- Nemandinn gefur til kynna með orðum að hann vilji halda áfram í eftirlætisleik sínum eða með því að nota handahreyfingar/tákn.
- Nemandinn gefur til kynna með orðum eða bendingu að hann vilji fá ákveðinn hlut.
- Nemandinn heilsar kennaranum með orðum eða látbragði.
- Nemandinn sýnir með orðum eða látbragði að honum mislíki eitthvað.
- Nemandinn getur farið eftir dagskipulagi með þremur athöfnum.

## Yngri bekkir grunnskóla

### Nemandinn ræður við eftirfarandi atriði í fjórum af hverjum fimm skiptum:

- Nemandinn á frumkvæði að boðskiptum við annað barn, eins og að spyrja um eitthvað, hefja leik eða deila einhverju.
- Nemandinn getur spurt þriggja viðeigandi spurninga í samskiptum við aðra.
- Nemandinn getur viðhaldið samræðum þar sem samskipti ganga til skiptis fjórum sinnum.
- Nemandinn getur sýnt merkingu þriggja óyrtra boðskipta eins og að snúa sér undan, hnykla brýrnar, brosa, krossleggja hendur, hækka röddina.
- Nemandinn getur rifjað upp fimm atburði sem gerðust þann daginn.

## Miðstig grunnskóla, unglingastig og framhaldsskólanemar að 18 ára aldri

### Nemandinn ræður við eftirfarandi atriði í fjórum af hverjum fimm skiptum:

- Nemandinn getur lýst merkingu átta óyrtra boðskipta s.s. að snúa sér undan, hnykla brýrnar, brosa, krossleggja hendur, hækka röddina.
- Nemandinn getur rætt við féлага um tvö eða fleiri efni og breytt um umræðuefni í takt við viðbrögð félagans.
- Nemandinn getur áttað sig á hvar samræður sigldu í strand og hvernig hægt er að laga aðstæður.
- Nemandinn getur beðið kennara eða féлага um aðstoð.
- Nemandinn getur notað þrjár eða fleiri leiðir til að hefja samræður og eiga samskipti.

## Hegðunarmarkmið

Þessi hegðunarmarkmið geta hentað nemanda þínum með einhverfu, í samræmi við aldur og þroska:

### Leikskólaaldur

- Nemandinn getur tekist á við ótta eða reiði á viðeigandi hátt, svo sem að stappa niður fæti, tjáð sig með orðum o.fl., í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur farið eftir einföldum fyrirmælum í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn sættir sig við breytingar á daglegri rúttinu í 30% tilvika.

- Nemandinn getur verið með í hóptíma og tekið þátt í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur farið frá einum stað til annars með vísbendingu, í fjórum af hverjum fimm skiptum.

### **Yngri bekkir grunnskóla**

- Nemandinn lærir og getur nýtt sér einfaldar aðferðir til að róa sig, t.d. að anda djúpt, í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur fylgt þreföldum skipaboðum í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn sættir sig við breytingu á daglegri rútínu í 70% tilvika.
- Nemandinn tekur virkan þátt í athöfnum í bekknum í 80% tilvika.
- Nemandinn fer að reglum bekkjarins í 80% tilvika.

### **Miðstig grunnskóla, unglingastig og framhaldsskólanemar að 18 ára aldri**

- Nemandinn áttar sig á hvenær hann þarf að taka sér hlé og á frumkvæði að því að biðja um að fá pásu í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn fylgir ábendingum sem gefnar eru í fimm liðum og spyr ef hann er ekki viss, í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn sættir sig við breytingar á daglegum athöfnum í 80% tilvika.
- Nemandinn fer eftir reglum í bekknum í 80% tilvika.
- Nemandinn hegðar sér á viðeigandi hátt utan bekkjarins (á göngum skólans, í matsalnum, fyrir og eftir skóla) í 80% tilvika.

### **Athafnir daglegs lífs, skynjun og fínhyfingur**

Þessi markmið er lúta að athöfnum daglegs lífs, skynjun og fínhyfingum, geta átt við nemanda þinn, að teknu tilliti til aldurs og þroska:

#### **Leikskólaaldur**

- Nemandinn getur klætt sig sjálfur, þ.e. farið í nærföt, buxur, skyrtu og sokka í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur borðað sjálfur á matmálstímum í 80% tilvika.
- Nemandinn lærir og getur nýtt sér tvenns konar aðferðir til að bregðast á viðeigandi hátt við erfiðu skynáreiti, í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur haldið á skriffæri á viðeigandi hátt í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur farið á salerni án aðstoðar í 80% tilvika.

## Yngri bekkir grunnskóla

- Nemandinn getur farið í útiföt; húfu, skó eða stígvél, úlpu og vettlinga í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn getur notað rennilás, hneppt flíkum, lokað smellum, reimað skó o.þ.h. í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn áttar sig á aðstæðum sem geta valdið óþægilegu skynáreiti og getur látið kennarann vita af því í 80% tilvika.
- Nemandinn getur skrifað bókstafi, tölustafi og tákn með penna eða blýanti í fjórum af hverjum fimm skiptum.
- Nemandinn er sjálfbjarga á salerni í 100% tilvika.

## Miðstig grunnskóla, unglingastig og framhaldsskólanemar að 18 ára aldri

- Nemandinn getur beðið um að fá að taka sér hlé frá erfiðu skynáreiti í 80% tilvika.
- Nemandinn getur skrifað læsilega í 80% tilvika.
- Nemandinn getur fylgt stundaskrá og ratað um skólann í 80% tilvika.
- Nemandinn getur farið í verslunarleiðangur, ákveðið hvað skal kaupa og borgað fyrir í 80% tilvika.
- Nemandinn getur eldað einfalda máltíð í fjórum af hverjum fimm skiptum.

Heimildir:

[http://autism.lovetoknow.com/IEP\\_Goals\\_for\\_Autistic\\_Students](http://autism.lovetoknow.com/IEP_Goals_for_Autistic_Students)

Educational Evaluation Guide For Autism:

<http://sped.dpi.wi.gov/sites/default/files/imce/sped/pdf/elg-autism-guide.pdf>

Volkmar FR, and Wiesner LA. 2009. *A practical Guide to Autism. – What Every Parent, Family Member and Teacher Needs to Know.* Hoboken New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.

## 6. Aðstoðarfólk / stuðningsfulltrúar

Margir nemendur á einhverfurófi sem stunda nám í almennum bekkjum hafa einhvern sér til aðstoðar, venjulega er talað um stuðningsfulltrúa. Stuðningsfulltrúar eru stundum ráðnir til að vera öllum nemendum bekkjarins til aðstoðar, litlum hópi eða jafnvel einum nemanda. Þá eru stuðningsfulltrúar einnig hluti starfsfólks í sérdeildum og í sérskólum. Hvort sem stuðningsfulltrúar eru ráðnir til að aðstoða einn nemanda eða fleiri, geta þeir haft veruleg áhrif á líf og líðan nemanda. Þeir geta lagt línurnar að stöðu nemandans í skólasamfélaginu.

Oft hafa stuðningsfulltrúar ekki fengið neina sérstaka þjálfun eða kennslu um einhverfu til að undirbúa sig fyrir starfið. Í sumum löndum fá þeir tækifæri til að sækja sérstök námskeið.

(Við Fjarmentaskólann og Borgarholtsskóla (og etv. fleiri skóla) eru námsbrautir fyrir stuðningsfulltrúa og við vitum fjölmörg dæmi þess að þeir sæki námskeið varðandi kennslu nemenda á einhverfurófi (innskot höfunda)).

Hlutverk stuðningsfulltrúa er mismunandi eftir löndum og jafnvel milli skóla á sama svæði. Æskilegt þykir að hlutverk þeirra sé í beinu samhengi við markmið einstaklingsnámskrár nemandans ásamt skilgreiningu á aðferðum og leiðum til að uppfylla þessi skilyrði.

Það er lykilatriði að nemanda og stuðningsfulltrúa líði vel saman og að alltaf þegar hægt er sé það nemandinn sem ákveði hvaða aðstoð hann þurfi.

Hér er dæmi um skilgreiningu á hlutverki kennarans annars vegar og stuðningsfulltrúa hins vegar:

	<b>KENNARI</b>	<b>STUÐNINGSFULLTRÚI</b>
<b>Skipulag bekkjarins</b>	Gerir vikuáætlun, undirbýr kennslu, skipuleggur námsaðstæður og nám hvers og eins nemanda	Útfærir áætlun kennarans
<b>Mat</b>	Hefur umsjón með formlegu og óformlegu mati	Gerir óformlegt mat
<b>Setja markmið</b>	Setur viðeigandi markmið fyrir hópa og einstaka nemendur	Vinnur í samræmi við sett markmið
<b>Kennsla</b>	Kennir bekknum, litlum hópum og einstökum nemendum	Þjálfar einstaka nemendur eða litla hópa í einstökum færniþáttum
<b>Hegðunarstjórnun</b>	Gerir athugun á hegðun og áætlun um hegðunarmótandi aðgerðir fyrir allan bekkinn eða einstaka nemendur	Gerir óformlega athugun á hegðun og útfærir hegðunarmótandi aðgerðir
<b>Foreldrasamvinna</b>	Heldur fundi með foreldrum og tekur þátt í fundum er varða nemandann	Tekur þátt í fundum með foreldrum þegar við á
<b>Mál er varða bekkinn</b>	Gerir dagskrá að fundum, miðlar upplýsingum og fræðslu til stuðningsfulltrúa og skipuleggur störf þeirra	Tekur þátt í umræðum á fundum og vinnur í samræmi við starfsáætlun sem kennari semur

Úr Special Education Paraprofessional Handbook,  
(<http://www.asec.net/archives/asecparahandbook8-03.pdf>)

Þar sem stuðningsfulltrúar vinna sem aðstoðarfólk kennara, verður að gera ráð fyrir tíma til handleiðslu og þjálfunar. Stuðningsfulltrúar þurfa að fá fræðslu um:

- Einhverfu
- Skynjunarvanda
- Boðskipti
- Félagsleg samskipti
- Hegðunarmótandi aðgerðir
- Kennsluaðferðir sem notaðar eru
- Styrkingu
- Samvinnu
- Gera athugun

Mikilvægt er að skrá niður hlutverk og ábyrgð stuðningsfulltrúa. Best væri að skrifa handbók fyrir stuðningsfulltrúa með öllum helstu upplýsingum.

Stuðningsfulltrúar á Bretlandi voru spurðir um hverjir væru helstu kostir sem stuðningsfulltrúar þyrftu að hafa. Hér á eftir fara svör þeirra:

- Áhugi á að aðstoða börn
- Geta unnið í samvinnu við aðra
- Sveigjanleiki
- Samskiptahæfileikar
- Jákvætt viðhorf
- Stöðugleiki
- Vingjarnleiki
- Þolinmæði
- Næmni

(Ionia parapros)

**Sjálfstæði** er lokatakmarkið í öllum einstaklingsnámskrám. Við viljum að nemendur okkar verði sjálfstæðir fullorðnir einstaklingar og því þurfum við að byrja að þjálfa þá til þess strax á unga aldri. Það er alltaf hættu á þegar nemandi er með aðstoðarmann, að hann reiði sig of mikið á hans aðstoð og verði háður honum. Það er líka ákveðin hættu á að stuðningsfulltrúi sé of fljótur til að aðstoða. Kannski hefur hann leyst starf sitt best af hendi þegar nemandinn getur leyst verkefni án hans aðstoðar.

## Gátlisti handa stuðningsfulltrúum

### Um einhverfu

- Einhverfa er fötlun af ókunnum orsökum og sem ekki er hægt að "lækna".
- Ekki eru öll skynjunarviðbrögð slæm og það að segja barninu að hætta getur verið slæmt.
- Sumir nemendur geta átt erfitt með að meðtaka það sem þú segir. Það þýðir ekki að þeir hunsu þig. Gefðu þeim tíma til að hugsa eftir að þú talaðir og forðastu að endurtaka þig aftur og aftur.
- Þú skalt aldrei fjarlægja boðskiptakerfi nemandans.
- Nemandinn þjálfast í boðskiptum með því að æfa sig.

### Hlutverk þitt sem stuðningsfulltrúi

- Hlutverk þitt getur tekið breytingum eftir því hvaða nemendur þú ert að aðstoða.
- Þú átt að fylgja fyrirmælum kennarans.
- Starf þitt er mjög mikilvægt.
- Ef þú ert óviss um hvað þú eigir að gera, spyrðu þá kennarann.

### Skólastofan

- Það er ástæða fyrir því hvernig skólastofa er skipulögð.
- Stundatöflur á að nota á hverjum degi, ekki bara stundum.
- Sérhver nemandi hefur einstaklingsnámskrá sem á að fylgja.

### Hvatning

- Allir nemendur þurfa á hvatningu að halda.
- Börn með einhverfu þurfa ef til vill annars konar hvatningu en önnur börn.
- Hrósaðu fyrir hegðun sem þú vilt sjá meira af.
- Engin hvatning = Engin ástæða til að vinna!

### Meðferð erfiðrar hegðunar

- Það er ástæða fyrir allri hegðun.
- Árásargirni getur verið form boðskipta.
- Árásargirni þjónar tilgangi og ef við getum kennt aðra hegðun sem þjónar sama tilgangi, dregur úr árásargirninni.
- Bregstu aldrei við erfiðri hegðun með því að skamma eða hrópa á nemandann.
- Ekki nota hvíldaraðstöðu nemandans til að losna við erfiða hegðun.



- Að hunsa erfiða hegðun þýðir ekki að við viljum leyfa nemandanum að halda áfram, hunsun getur verið áhrifaríkt inngríp.

### **Upplýsingaöflun**

- Hluti af starfi stuðningsfulltrúa er að afla upplýsinga.
- Upplýsingaöflun er hluti einstaklingsnámskrár.
- Ekki óttast að spyrja spurninga varðandi markmiðið eða ferlið við upplýsingaöflun.

### **Leið til sjálfstæðis**

- Markmiðið er alltaf sjálfstæði nemandans.
- Við viljum að nemendur geti gert hlutina án okkar aðstoðar.
- Bæjarferðir í þeim tilgangi að kenna sjálfstæði ættu að vera sjálfsagður hlutur.

Heimildir:

(Ionia parapros: [https://www.gvsu.edu/cms3/assets/2CF6CA25-D6C6-F19E-339DC5CD2EB1B543/resources/ionia\\_parapro\\_manual2.pdf](https://www.gvsu.edu/cms3/assets/2CF6CA25-D6C6-F19E-339DC5CD2EB1B543/resources/ionia_parapro_manual2.pdf) )

[www.theautismhelper.com](http://www.theautismhelper.com)

## Gagnlegar vefslóðir

TEACCH: [www.teacch.com](http://www.teacch.com)

Félagshæfnisögur Carol Gray: <http://www.carolgraysocialstories.com>

Dr. Tony Attwood: <http://www.tonyattwood.com.au>

Mikið af upplýsingum, einkum er varðar einhverfa án þroskaskerðingar

Michelle Garcia Winner: [www.socialthinking.com](http://www.socialthinking.com)



Tasks Galore bækurnar: [www.tasksgalore.com](http://www.tasksgalore.com). Hér er að finna hugmyndabanka að verkefnum, mjög praktískar bækur.




Á þessari síðu eru myndasöfn: [www.do2learn.com](http://www.do2learn.com)

Á síðu Tmf Tölvumiðstöðvar er að finna margvíslegar upplýsingar um forrit sem henta nemendum með einhverfu auk þess sem reglulega er boðið upp á námskeið. [www.tmf.is](http://www.tmf.is)

Öpp:



iAutism: APPS for Autism: <http://www.iautism.info/en/>



[www.friendshipcircle.org](http://www.friendshipcircle.org)



CAT kassinn: [www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com)

Praktísk ráð varðandi einstaklingsnámskrár:

[http://autism.lovetoknow.com/IEP\\_Goals\\_for\\_Autistic\\_Students](http://autism.lovetoknow.com/IEP_Goals_for_Autistic_Students)

Nota GOOGLE og YouTube!

## Gagnleg YouTube myndbönd

TEACCH Autism Program: <https://www.youtube.com/watch?v=hRNYvrrcRio>

Sensory Overload: <https://www.youtube.com/watch?v=K2P4Ed6G3gw>

Dr. Temple Grandin - The Woman who thinks like a Cow:  
<https://www.youtube.com/watch?v=TWBo886FuQo>

Dr. Temple Grandin talks about Sensory Issues and Sensitivity:  
[http://www.youtube.com/watch?v=zzf80k5b\\_EM](http://www.youtube.com/watch?v=zzf80k5b_EM)

Early Signs of Autism: <https://www.youtube.com/watch?v=YtvP5A5OHpU>

Structured Classroom:  
<https://www.youtube.com/watch?v=EXzs1qe03c8&list=PLoLwGC18aDwxUifZyRAC96jbOu0xfivaf>

How to Use A Visual Schedule:  
<https://www.youtube.com/watch?v=Jr56lhhZ4Os>

Work System:  
<https://www.youtube.com/watch?v=nLoC6G3Vf74&list=PLK8ph1-RqiheY8TcNRzQM0H76C-Nluu-b&index=1>

ShooboxTasks: <https://www.youtube.com/watch?v=tFUn-9lvEs>

Adult Life Skills Program (ALSP) for People with Autism:  
[https://www.youtube.com/watch?v=QC0Tdlug\\_4o](https://www.youtube.com/watch?v=QC0Tdlug_4o)

Me and my Autism: <www.youtube.com/watch?v=ejpWWP1HNGQ>

5 Things Teachers Should Know:  
[https://www.youtube.com/watch?v=txx8G6\\_FsaU](https://www.youtube.com/watch?v=txx8G6_FsaU)

Carol Gray on YouTube explaining Social Stories:  
<https://www.youtube.com/watch?v=vjllYYbVlrl>

